

## Umhverfisvæn orka skapar ný atvinnutækifæri

Iðnaðarráðherra segir mikla möguleika fyrir  
iðnaðarmenn fari svo að samið verði um  
uppbyggingu verksmiðju sem framleiðir hráefni í  
sólarorkubúnað



Á ferð um Úganda



**VIÐ STÖNDUM  
MEÐ ÞÉR**



**FIT**   
FÉLAG IÐN- OG  
TÆKNIGREINA

Ábyrgðarmaður:

Finnbjörn A.

Hermannsson

Ritstjóri:

Sævar Guðbjörnsson

Umsjónarmaður:

Þorbjörn Guðmundsson

Útgefandi:

Samiðn, Borgartúni 30,

108 Reykjavík

Sími: 535 6000

Ritstjórn:

Finnbjörn A. Hermannsson og

Hilmar Harðarson

Auglýsingar:

Hænir sf., sími 55 88 100

Hönnun og umbrot:

Blaðasmiðjan

Prentun:

Oddi

## Samiðn,

samband iðnfélaga, er landssamband stéttarfélaga í iðnaði og aðild að sambandinu eiga starfsmenn í bilgreinum, hársnyrtigreinum, málmæknigreinum, byggingargreinum, garðyrkju og skipasmiðum.

Miðstjórn Samiðnar:

Finnbjörn A. Hermannsson,

formaður,

Hilmar Harðarson,

varaformaður,

Hákon Hákonarson, ritari,

Sigurjón Einarsson, gjaldkeri,

Ólafur Magnússon,

Súsanna Vilhjálmsdóttir,

Hjálmpór Bjarnason,

Georg Óskar Ólafsson,

Páll Sighvatsson,

Rúnar Bogason,

Heimir Kristinsson

Starfsmaður Samiðnar:

Þorbjörn Guðmundsson

Heimasíða:

[www.samidn.is](http://www.samidn.is)

Samiðn – félagsblað

er sent öllum

félagsmönnum Samiðnar

# MEÐAL EFNIS

## Með ofnæmi fyrir fagurgala

Finnbjörn A. Hermannsson,  
formaður Samiðnar, skrifar

4

## Hver er réttur minn?

14

## Uppsögn og launaskerðing

Hilmar Harðarson,  
formaður FIT, skrifar

6

## Að gleðja sálina

Súsanna Vilhjálmsdóttir, formaður  
Félags hársnyrtisveina, skrifar

22

## Bjartsýni í stað bölmóðs

Össur Skarphéðinsson  
iðnaðarráðherra skrifar

8

## Áhrif Evrópusambandsaðildar á fjármál fjölskyldunnar

Aðalsteinn Leifsson, lektor í  
viðskiptadeild Háskólans  
í Reykjavík, skrifar

26

## LEIÐARINN:

# Íslendingar eiga mikla möguleika

Íslendingar standa nú frammi fyrir alvarlegustu efnahagsferfiðleikum sem þeir hafa gengið í gegnum á lýðveldistímanum. Mikil ólga er í samfélaginu þessu samfara og erfitt að átta sig á hvert stefnir á næstu mánuðum og misserum. Flestir eru þó þeirrar skoðunar að til lengri tíma litið sé bjart framundan, þótt allt útlit sé fyrir að næstu ár verði erfið. Mestu skipti, hvort sem litið er til lengri tíma eða skemmri, að horfst sé í augu við þann vanda sem við blasir og honum sé mætt fuðlaust og af einurð.

Undanfarinn áratug hafa verið gerð mikil mistök í efnahagsstjórn landsins. Sú alþjóðlega fjármálakreppa sem nú stendur yfir magnar síðan erfiðleikana. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta er ekki fyrsta efnahagskreppan sem Íslendingar hafa gengið í gegnum, þrátt fyrir að hún kunnist vera með þeim dýpstu og ef til vill sú dýpsta. Þegar horft er yfir hagsögu lýðveldisins kemur í ljós mikill og viðvarandi óstöðugleiki, þar sem skiptast á háir toppar og djúpar lægðir. Óstöðugleiki af þessu tagi einkennir oftast örsma hagkerfi eins og það íslenska.

Íslenska þjóðin hefur allar forsendur til þess að sigrast á erfiðleikum, ef hún nýtir sér þau tækifæri sem hún hefur. Hún býr yfir ótrúlegri seiglu og dugnaði sem munu nýtast henni sem aldrei fyrr við endurreisn efnahagslífsins. Til þess þarf að skapa henni tækifæri og hagstæð skilyrði. Það þýðir meðal annars að gera verður grundvallarbreytingar á efnahagssumhverfinu þannig að hér skapist forsendur fyrir stöðugleika. Jafnvægi í efnahagsmálum, á grundvelli traustrar stefnu í peningamálum, er forsenda varanlegra framfara í þjóðar-búskapnum.

Efnahagslegur stöðugleiki er forsenda uppbyggingarstarfsins sem framundan er. Honum verður ekki náð með krónunni sem gjaldmiðli

þjóðarinnar. Brýnt er að taka sem fyrst ákvörðun um framtíðargjaldmiðil. Rétt er að stíga skrefið til fulls og taka upp evru, en til þess þarf að stefna að fullri aðild að ESB í náinni framtíð.

Það er nauðsynlegt að endurskoða regluverk banka og fjármálafyrirtækja, með það að markmiði að reglur um heimildir fjármálafyrirtækja til skuldsetningar verði gerðar skýrari og kröfur um hlutfall handfastra eigna á móti skuldum verði hertar. Auka þarf stuðning við nýsköpun, efla menntun sem henni tengist og auka stuðning og möguleika sprotafyrirtækja. Halda verður áfram uppbyggingu raforkuvera og tengdum iðnaði, en leggja áherslu á meiri fjölbreytni en gert hefur verið. Mikilvægt er að tryggja rekstrarumhverfi hefðbundinna atvinnugreina, svo sem í landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði og ekki síst í ferðaþjónustu, og nýta þau fjölmörgu tækifæri sem eru til fullvinnslu í þessum greinum.

Mikilvægast af öllu er velferð heimilanna, en hún byggist fyrst og síðast á traustu atvinnulífi og stöðugleika. Það ber að fagna boðuðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að styrkja heimilin og auðvelda fjölskyldum að bregðast við vaxandi erfiðleikum, meðal annars vegna afborgana af húsnæði.

Framundan eru erfiðir mánuðir fyrir margar fjölskyldur og fyrirtæki en ef vel er á haldið ætti að birta með hækkandi sól. Íslenskt atvinnulíf er betur en oft áður búið undir að að takast á við það ögrandi verkefni sem framundan er. Þrátt fyrir að myndin sé dökk sem dregin er upp er Ísland auðugt, með dýrmætar náttúruauðlindir og mikinn mannauð. Ef vel tekst til er framtíðin björt og Íslendingar geta vænst þess að lífskjör á Íslandi verði áfram með því besta sem þekkist, þrátt fyrir að um stund þrengi að.



**Finnbjörn A. Hermannsson** formaður Samiðnar skrifar

# Með ofnæmi fyrir fagurgala

Sagan um nýju fötin keisarans eftir H.C. Andersen hefur verið rifjuð upp oft nú að undanförunu. Sú saga var skrifuð fyrir eitt hundrað sjötíu og einu ári en hrun bankanna hefur fært íslensku þjóðinni sanninn um það að sú saga hefði getað verið skrifuð kringum bankaútrásina. Það sem var öðruvísi var að klæðskerarnir sem höfðu sannfæringarmáttinn um að keisarinn væri í finum fötum voru fleiri en tveir og þeir töldu fleiri á að klæðast nýju fötunum en bara keisarann.

Nú sitjum við öll meira og minna nakin eftir að upp komst að lítil hluti þjóðarinnar hafði látið blekkjast af klæðskerunum en þegar blekkingaleikurinn uppgötvaðist loks voru nánast allir klæddir úr. Það hafa flestallir tapað verðmætum á bankahruninu, en verst er að atvinnulífið er algerlega á hliðinni. Á einni nóttu hrundi byggingariðnaðurinn og hætta er á að fleiri atvinnugreinar fylgi í kjölfarið. Við getum velt fyrir okkur ef og hefði og hvernig gat þetta gerst? Sumu breytum við ekki en því sem við getum breytt og því sem við getum lagað eigum við að einbeita okkur að.

## Verjum réttindin

Mikil hrina uppsagna hefur dunið á okkur, og auk þess hefur yfirvinna nánast þurrkast út. Í flestum tilfellum eru fyrirtæki að tryggja sig þar sem óljóst er um framtíð þeirra, verkefni hafa gufað upp og önnur vantar fjármögnun. Þrátt fyrir bágt ástand verðum við að gera þá kröfu að fylgt sé leikreglum á vinnumarkaði og við verðum að tryggja að ekki sé verið að misnota ástandið. Heyrst hefur að strax sé byrjað að neyða launamenn í undirverktöku, þar sem varpa á ábyrgð á verkefnastöðu, veikindarétti, uppsagnarfresti og greiðslu lágmarkslauna yfir á launamanninn. Þetta verðum við að uppræta strax í byrjun. Við getum heldur ekki gefið afslátt af aðbúnaðarmálum, vinnuvernd og öryggisþáttum. Þrátt fyrir að við

séum að færast einhver ár til baka í lífskjörum með minnkandi kaupmætti verðum við að halda þeim ávinningi sem náðst hefur á öðrum sviðum.

## Verjum heimilin

Með vaxandi atvinnuleysi, minnkandi yfirvinnu og þar með minnkandi heildartekjum er mikilvægt að staða heimilanna sé skoðuð sérstaklega. ASÍ hefur lagt á það áherslu, og gerði um það sérstaka samþykkt á síðasta ársfundi sínum, að staða heimila verði tryggð sem best. Mikilvægt er að verja mjög skuldsett heimili og tryggja öryggi þeirra í húsnæðismálum. Einnig þarf að tryggja að ekki skelli á hrina hækkana á nauðsynjavörum. Þegar gengið kemst á eðlilegt ról er verðhjöðnun eðlileg í þessu árferði. Samiðnar hefur haft það sem baráttumál lengi að tekjutengja atvinnuleysisbætur í lengri tíma en gert er nú og einnig þarf að stórhækka tekjubakið. Þrátt fyrir að það kosti ríkissjóð peninga er enn kostnaðarsamara að sundra fjölskyldum vegna fjárhagsvandráða. Horfast verður í augu við að velflestar fjölskyldur hafa hagað innkaupum sínum og fjárfestingum eins og ráðstöfunartekjur hafa leyft og það tekur lengri tíma en þrjá mánuði að gíra sig niður í að geta lifað af grunnatvinnuleysisbótum. Grunnur þess að fjárhag heimilanna sé borgið er að verðbólga komist niður í 2–3 stig og vextir fylgi á eftir.

## Verjum störfin

Með bankahruninu hafa mörg fyrirtæki komist í greiðsluþrot, þrátt fyrir góða verkefnastöðu. Önnur misstu verkefni á skömmum tíma, þar sem flestir brugðust við bankakreppunni með því að draga úr verkefnum framkvæmdum eða hætta jafnvel alveg við og stöðva þær framkvæmdir sem hafnar voru. Þá eru til fyrirtæki sem búa við bága lausafjárstöðu vegna þess að allt eigið

fé var dregið út úr fyrirtækinu og notað til „að vinna fyrir sér annars staðar“. Ráðgjöfin var: Taktu allt eigið fé fyrirtækis og kaupu hlutabréf eða verðbréf og fáðu arð af því en rektu fyrirtækið fyrir lánsfé, því það kemur skattalega betur út fyrir fyrirtækið. Því höfðu mörg fyrirtæki ekki borð fyrir báru þegar kreppti að og stöðvuðust nánast á fyrsta degi þar sem hlutabréfin og verðbréfin hurfu með bankahruninu. Allt þetta og meira til lagðist á eitt. Fjöldauppsagnir í áður óþekktum mæli skullu á félagsmönnum Samiðnar. Þessu verður að snúa við með innspýtingu fjármagns, í fyrsta lagi til þeirra verkefna sem eru hafin og í öðru lagi í ný verkefni sem útheimta mikinn mannafla en tiltölulega lítinn efniskostnað. Þar horfa menn til viðhaldsverkefna, nýbygginga og brúarsmiði svo eitthvað sé nefnt. Ljóst er að mörg fyrirtæki í okkar greinum komast ekki í gegnum þessa erfiðleika án aðstoðar. Því hafa verið settar fram hugmyndir um endurreisnarsjóð sem hafi það hlutverk að fjármagna fyrirtæki í greiðsluþroti, í einhverjum tilfellum endurskipuleggja eða sameina fyrirtæki sem hafa rekstrargrundvöll til að komast yfir erfiðleika næstu ára. Því öflugri sem fyrirtækin eru, þeim mun fyrr komumst við í gegnum þessar efnahagsþrengingar.

## Hvað gerðist?

Það er ljóst við eitt stykki gjaldþrot heillar þjóðar að eitthvað hefur farið úrskeiðis. Það verður að skoða það vel og almenningur á ekki að líða að hér fljúgi um eintómir englar sem enga ábyrgð bera en eru í öllum lykilstöðum samfélagsins. Það er sama hvar borið er niður, allir voru hvergi og komu ekki nálægt röngum ákvörðunum – hvað þá saknæmu athæfi.

Uppgjör verður að fara fram og það þarf að skilja á milli refsiverðra þátta og pólitískra afgangi. Mistök hafa verið gerð og gjaldþrot heillar þjóðar af gáleysi gæti verið niðurstaða dóms. Þeir þurfa að missa prófið



til áframhaldandi stjórnasetu sem afglöpinn frömdu. Ef þeir standa ekki upp af sjálfstjórnunum þurfa kjósendur að rétta þeim hjálparhönd til að taka réttar ákvarðanir. Hinir fá sinn dóm í dómsölum. Stutt er á milli þess að byggja upp réttlátt samfélag og bananalýðveldi. Ef ekki verður umpólun á siðgæði valdhafa og bankageirans gæti farið illa. Almennir verður að fá að vita sannleikann hvernig sem hann lítur út. Mikilvægt er að byggja upp að nýju traust á alþingi og bankakerfinu. Mikið fé er án hirðis í augnablikinu meðan verið er að skipta þrotabúum bankanna og þeirra fyrirtækja sem rúlla. Gæta verður fyllsta öryggis og að heiðarleiki og sanngirni verði í fyrirrúmi. Traust verður ekki byggt upp nema með aðgerðum. Fólk er komið með ofnæmi fyrir fagurgala.

## Við lifum þetta af

Viðbrögð stjórnvalda hafa verið fúmkennnd og án yfirsýnar. Þau hafa sýnt almenningi í landinu algera fyrirlitningu með því að segja

ekki satt og rétt frá. Þau hafa ekki viljað samstarf við verkalyðshreyfinguna og lokað sig af með sínum fálmkennu viðbrögðum. Ef ríkisstjórnin treystir ekki þjóðinni fyrir réttum upplýsingum um stöðu mála er engin leið fyrir þjóðina að treysta ríkisstjórninni. Ef ríkisstjórn sér ekki að eitthvað hafi verið rangt í gjörðum þeirra við heilt þjóðargjaldþrot er þeim ekki treystandi. Kjósa verður sem fyrst til að þeir komist að sem treysta sér í endurreisnarstarfið og almennur ber traust til.

„Eftirlitsiðnaðurinn“ hefur verið skammarið hjá þeim sem flogið hafa hæst að undanförunu. Til að aftur komist á leikreglur og sanngirni í samfélaginu þurfa eftirlitsstofnanir að virka. Hvort það heitir Fjármálaeftirlit, Samkeppnisstofnun, talsmaður neytenda eða Vinnueftirlit verða þessir aðilar að vera sýnilegir og tukta mann og annan til hlýðni ef farið er út af sporinu.

Við verðum að fara hóflega inn í framtíðina. Við höfum orðið fyrir búsisfjum og verðum að taka tillit til þess. Við verðum að gíra okkur niður í neyslunni og halda

heimilisbókhald og velja og hafna eftir greiðslugetu. Við þurfum einnig að spara og fara vel með. Við getum byrjað á að æfa okkur í ráðdeild á jólagjöfunum í ár. Verum hófsöm. Febrúar kemur með gluggaumslogin sín.

Við verðum að hlú hvert að öðru. Þeir sem missa vinnuna þurfa að vera virkir í samfélaginu. Förum á námskeið, verum félagslega virk og höldum sambandi við fyrrverandi vinnufélaga. Þegar öllu er á botninn hvolft erum við öll á sama báti og eftir því sem við sýnum meiri samtakamátt, þeim mun fljótari verðum við að vinna okkur út úr vandanum. Og höfum enn og aftur í huga það sem kveðið var forðum. Það hefur sjaldan átt betur við en núna:

*Fúnar stoðir burtu vér brjótum .  
Bræður! Fylkjum liði í dag!  
Vér bárum fjöttra, en brátt nú hljótum  
að byggja réttlátt þjóðfélag.*



**Hilmar Harðarson**, formaður FIT, skrifar

# Uppsögn og launaskerðing

Nú ganga yfir þjóðina mestu efnahagsþrengingar sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir sem sjálfstæð þjóð. Því miður er það svo að við virðumst vera á leiðinni niður í öldudalinn og að ekki sjáist enn hversu djúpur hann er. Hrun bankakerfisins hefur haft miklu meiri og alvarlegri afleiðingar en nokkurn gat órað fyrir og ljóst er að orðspor Íslands hefur skaðast gríðarlega.

Daglega koma eða hringja margir einstaklingar á skrifstofu FIT, ýmist til að athuga rétt sinn í uppsagnarfresti eða ráðfæra sig við þjónustufulltrúa vegna kröfu fyrirtækja um launalækkun. Margir eru sárir og reiðir og allir eru kvíðafullir vegna ástandsins framundan.

Það er mikilvægt að félagsmenn skoði vel og meti þá kosti sem í boði eru, til dæmis ef farið er fram á launalækkun. Í því samhengi er vert að áréttu að það hlýtur að vera markmið fyrirtækja sem fara fram á slíkt að reyna að halda áfram rekstrinum og reyna að tryggja áframhaldandi vinnu fyrir starfsmenn sína. Samþykki launamaður breytt ráðningarkjör til lækkunar kann hann að glata rétti til launa í uppsagnarfresti eða til greiðslna meðan uppsagnarfrestur stendur úr þrotabúi eða Ábyrgðarsjóði launa, þar sem slíkt samþykki er ekki sjálfkrafa úr gildi fallið hagi atvik því svo að rekstur fyrirtækisins stöðvist. Vert er að geta þess að með slíkum samningum má aldrei skerða ráðningarkjör launamanna þannig að kjör þeirra fari niður fyrir lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningum, og væru samningar einstakra launamanna um slíkt að engu hafandi. Sjálfsagt er og eðlilegt að starfsmenn setji fyrir sitt leyti fyrirvara ef þess er farið á leit við þá að þeir taki á sig skerðingu á launakjörum. Slíkur fyrirvari ætti að tryggja rétt starfsmanns til hinna

fyrri kjara ef aðstæður fyrirtækisins breytast til hins verra í kjölfar breytingarinnar.

Fyrirvarinn gæti hljóðað svona:

„Breytingar þessar á ráðningarkjörum eru samþykktar með þeim fyrirvara að ekki komi til uppsagnar eða rekstrarstöðvunar hjá fyrirtækinu á næstu þremur mánuðum.“

Annað sem kemur til álita í þessu sambandi er séreignarsparnaðurinn. Þeir sem gert hafa samninga um séreignarsparnað geta reynt að milda áhrif launalækkunar með því að bjóðast til að falla tímabundið frá þessum sparnaði. Með því má lækka launakostnað fyrirtækisins um 2% og fá þá greidd út þau 2–4% sem launamaðurinn leggur á móti frá sjálfum sér. Ef óskað hefur verið eftir til dæmis 10% launalækkun yrði hún 8% en útborguð laun lækkuðu ekki nema um svona 4,5 til 6,5% eftir því hvað framlag launamannsins var mikið. Það skal sérstaklega áréttuð að með þessum orðum er ekki verið að hvetja fólk til að hætta séreignarsparnaði, heldur væri þarna um tímabundna aðgerð að ræða.

Þetta ástand í þjóðfélaginu varir vonandi ekki lengi því hvorki fyrirtæki né heimili geta búið við verðbólgu og gjaldeyrishöft til langs tíma.

## Nýsköpun á erfiðum tímum

Mikið er rætt þessa dagana um að efla þurfi nýsköpun og innlenda framleiðslu ýmiskonar. Í þessu sambandi er rétt að dusta rykið af gömlum en sígildum hugmyndum um stórauðna ylrækt á Íslandi. Margoft hefur verið á það bent að með lækkun á raforkuverði til ylræktar mætti skjóta stoðum undir framleiðslu á grænmeti til útflutnings. Allir vita að íslenskt grænmeti stenst ekki bara gæðasamanburð við

innflutt, það er einfaldlega betra hvað bragð og gæði áhrærir. Í raun gæti hér verið um að ræða mannfreka stóriðju sem ekki bara tryggði mörgum vinnu heldur gætu Íslendingar verið sjálfum sér nógir í grænmetisframleiðslu og aflað gjaldeyris með útflutningi.

## Sameining við múrara

Að undanförunu hafa staðið yfir viðræður milli FIT og Múrarafélags Reykjavíkur um sameiningu félaganna. Þegar þetta er ritað er staðan sú að Múrarafélagið hefur ákveðið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um hvort sameina eigi félögin og á niðurstaðan að liggja fyrir 28. nóvember. Í framhaldinu tekur félagsfundur í FIT málið fyrir og fjallar um lagabreytingar sem gera þarf ef sameining verður samþykkt.

## Krefjumst skattleysis á styrki stéttarféлага

Lengi hefur verið uppi sú skoðun að óréttlátt sé að styrkir frá stéttarfélögum, svo sem líkamsræktarstyrkir, námskeiðsstyrkir og styrkir vegna sjúkráþjálfunar, séu skattlagðir. Einn mikilvægasti þátturinn í geðheilsu þeirra sem misst hafa vinnuna er líkamspjálfun og því mikið hagsmunamál að styrkir til líkamsræktar séu ekki skattlagðir. Sama gildir um ýmsa námskeiðsstyrki, og í raun um alla styrki stéttarfélaganna.

Það er skoðun mín að nú sé lag til að krefja stjórnvöld um breytingar á þessu fyrirkomulagi.

Með von um bjarta framtíð

*Hilmar Harðarson*



# Nám til framtíðar

## Kvöldskóli

### Byggingatækniskólinn

- Húsasmíði
- Húsgagnasmíði
- Málaraiðn
- Tækniteiknun
- Grunnám tréiðna

### Hönnunar- og handverksskólinn

- Listnámsbraut, almenn hönnun

### Raftækniskólinn

- Grunnám rafiðna
- Rafeindavirkjun
- Rafvirkjun - verknám

### Tæknimenntaskólinn

- Almenn námsbraut

### Véltækniskólinn

- VA - vélstjórn ≤ 750
- Kennt í lotum

### Meistaraskólinn

- Allar greinar

## Fjarnám

### Byggingatækniskólinn

- Húsasmíði
- Málaraiðn
- Múraraíðn
- Tækniteiknun

### Fjölmenningskólinn

- Íslenska fyrir nýbúa

### Tæknimenntaskólinn

- Almenn námsbraut

### Upplýsingatækniskólinn

- Tölvubraut
- Grunnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina

### Hönnunar- og handverksskólinn

- Fataiðn

### Skipstjórnarskólinn

- Skipstjórnarnám

### Raftækniskólinn

- Rafeindavirkjun
- Rafiðnabraut
- Rafvirkjun

### Meistaraskólinn

- Allar greinar
- Dreifnám (dagnám og fjarnám)

## Diplóma nám -

## Nám til háskólaeininga


- Rekstur og stjórnun
- Lýsingarfræði
- Framleiðslustjórnun
- Rafeindavélfræði
- Margmiðlunarskólinn

## Flugskóli Íslands

### Næstu námskeið

- Bóklegt einkaflugmannsnámskeið
- Bóklegt atvinnuflugmannsnámskeið
- Flugkennaranámskeið
- MCC námskeið

Skráning hafin á [www.flugskoli.is](http://www.flugskoli.is)



Innritun í kvöldskóla og fjarnám lýkur 30. desember.  
Allar nánari upplýsingar á [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is) og í síma 514 9000.

**Tækniskólinn**  
skóli atvinnulífsins 

[www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)

# Bjartsýni í stað bölmóðs

Ásgeir Jónsson, einn af okkar skynugustu hagfræðingum, sagði í þættinum Markaðnum á dögunum að svartsýni, víl og bölmóður væri að verða að sjálfstæðu efna-hagsvandamáli í kreppunni. Staðreyndin er nefnilega sú að þrátt fyrir tímabundna kreppu eru miklir möguleikar fyrir Ísland til að rísa fljótt úr lægðinni. Ástæðan er sú að andstætt öllum öðrum ríkjum sem hafa lent í svipaðri gjaldeyris- og bankakreppu og við stríðum við núna, þá eru grunnþættirnir í íslensku atvinnulífi sterkir. Þessir grunnþættir eru auðlindir okkar, fiskimiðin, endurnýjanlegar orkulindir, og loks þær systur náttúra og menning, sem vaxandi ferðaþjónusta grundvallast á. Í öllum þessum greinum eru horfur góðar. Í sumum þeirra eru nýir möguleikar að opnast, sem skapa atvinnu fyrir jafnt mennta- og verkafólk, en ekki síst fyrir iðnaðarmenn. Því má svo við bæta að líklegt er að verulegir möguleikar í tengslum við olíu- og gas skapist á næstu árum þar sem spretta upp algjörlega ný tækifæri fyrir iðnaðarmenn á öllum sviðum. Öll þessi svið, að sjávarútvegi undanskildum, heyra undir iðnaðarráðuneytið.

## Endurreisn bankanna

Fyrsta skref endurreisnar eftir bankahrúnið fólst í því að tryggja nægileg gjaldeyrislán frá AGS og vinabjóðum. Nú er framundan það verkefni að fleyta krónunni, koma gjald-eyrisviðskiptum í þökkalegt horf, og tryggja að gjaldeyrinum sem til reiðu er verði ekki sóað í að eigendur krónubréfa ryksjúgi hann upp til að koma eignum sínum í skjól erlendis. Í því efni er vitaskuld þungt að þurfa að treysta á yfirstjórn Seðlabanka, sem nýtur lítills trausts heima og erlendis.

Næsta bráðaverkefni sem við blasir í atvinnulífinu er að koma nýju bönkunum í eðlilega starfsemi, og tryggja endurfjármögnun þeirra. Hin djúpa lægð sem blasir við í vetur og frameftir næsta ári setur bönkunum enn þyngri verkefni en áður til að tryggja verði að hin margfrægu hjól atvinnulífsins hætti ekki að snúast. Fyrirtækin, ekki síst þau sem eru í mannvirkjagerð, þurfa sveigjanlegri fyrirgreiðslu en nokkru sinni fyrr, til að hjálpa þeim í gegnum langan og erfiðan vetur. Þá ríður á að bankarnir hafi

aðgang að fjármagni til endurlána til að halda þeim fyrirtækjum sem eru lífvænleg gangandi þangað til élin styttr upp.

Lánveitingar til Íslands eru um þessar mundir frosnar fastar og tryggasta leiðin til þess að þíða ísinn þannig að fjármagnsveitur ryðji sig er að erlendir bankar gerist eignaraðilar að nýju bönkunum – helst öllum. Það skiptir því miklu máli að það takist sátt við erlenda lánardrottina um að þeir fallist á að verja eignir sínar í formi skulda bankanna við þá, með því að breyta þeim í eignarhlut. Hagsmunir hinna erlendu lánardrottina, sem allt eru bankar og fjármálastofnanir, munu þá felast í því að byggja upp bankana og tryggja þeim eðlilega fjármögnun, til þess að eign þeirra í þeim verði ekki aðeins varin heldur vaxi.

Stjórnvöld eiga í vinsamlegum viðræðum við erlendu bankana um þetta. Góðar vonir standa til að það takist. Það má sjá fyrir sér að einn bankanna verði í meirihluta eigu erlendra aðila, og að í hinum verði sterk erlend ítök. Það er einfaldlega besta leiðin til að tryggja fjármögnun íslensku bankanna, sem er forsenda þess að hægt sé að fleyta íslenskum fyrirtækjum gegnum frostavetur. Ekkert er jafn-mikilvægt til að draga úr því



**Össur Skarphéðinsson** iðnaðarráðherra skrifar um verkefni framundan

tímabundna atvinnuleysi sem spáð er. Erlend eign í íslensku bönkunum leikur þannig lykilhlutverk í að tryggja sem besta atvinnu fyrir iðnaðarmenn á Íslandi.

## Nýir fjárfestingarsjóðir atvinnulífsins

Annað bráðaverkefni er að ná samkomulagi um sterkan fjárfestingarsjóð atvinnu- lífsins, Viðreisnarsjóð, sem einkum yrði uppbyggður með fjármagni frá lífeyrissjóðum. Sjálfsgagt er að skoða þátttöku ríkisins með einhverjum hætti. Á henni er þó sá hængur að í núverandi árferði er fjárhagur þess mjög þröngur, og svigrúmi þess verður ekki síst varið til mannaflsrekra framkvæmda til að halda uppi atvinnustigi hjá iðnaðarmönnum, verkafólki í mannvirkjagerð, og verkfræðingum. Lífeyrissjóðirnir eru eign fólksins og hafa það að markmiði að vinna að velferði þess. Þátttaka í fjárfestingum sem halda uppi atvinnu á erfiðum tímum falla þess vegna vel að þessu markmiði, og gagnast jafnt fólki og fyrirtækjum. Sömuleiðis eru góð fjárfestingartækifæri í atvinnulífinu um þessar mundir, og lífeyrissjóðirnir gætu því gegnum slíkan fjárfestingarsjóð verið að skapa sér verulega ábatavon þegar fram líða stundir.

Í sumum tilvikum munu bankarnir telja farsælast að breyta skuldum fyrirtækja, eða hluta þeirra, í hlutafé í viðkomandi fyrirtæki. Það þarf að gerast með opnum og gagnsæjum hætti til að fyrirbyggja grun um óeðlilega fyrirgreiðslu. Skynsamlegast væri fyrir þá að mynda sérstök eignarhaldsfélög um slíkar eignir. Þau félög gætu, einkum þegar úr rætist, sótt sér fjármagn til að taka enn frekari þátt í endurreisn viðkomandi fyrirtækja, og jafnvel tekið þátt í nýjum verkefnum.

Ég tel einnig koma til greina að eignarhaldsfélög bankanna sameinuðust í eitt stórt og öflugt félag. Svipuð leið hefur verið farin hjá öðrum þjóðum, þar sem atvinnulíf hefur lent í öldudal, og gefist vel.

## Nýting orkulindanna

Ríkisstjórnin mun vitaskuld halda áfram að nýta endurnýjanlegar orkulindir okkar um





leið og opnast aftur fyrir fjármögnun þegar farsæl fleyting krónunnar er að baki. Fyrir erlendar fjárfestingar í orku og iðnaði af hvaða tagi sem er skiptir miklu máli að Íslendingar taki óhikað stefnuna á Evrópu-sambandið og upptöku evrunnar. Ég legg hins vegar áherslu á að ríkisstjórnin hyggst ekki gefa neinn afslátt af sjónarmiðum umhverfisverndar, enda er eftirtektarvert að orkufyrirtækin hafa sjálf lagst gegn kröfum um slíkt. Mér þykir sjálfum líklegt að á næstu misserum verði teknar lokaákvæðanir um ýmsar stórfamkvæmdir á sviði orkunýtingar og iðnaðar, sem munu skipta miklu máli fyrir atvinnustig iðnaðarmanna á Íslandi. Til viðbótar við þær iðngreinar sem hafa þegar náð fótfestu á Íslandi eru á borðinu margar hugmyndir um umhverfisvæna hátækni, verkefni þar sem hin hreina íslenska orka nýttist í framlagi til heimsins alls.

Ákveðið er að ráðast í Búðarhálsvirkjun um leið og fjármögnun gefst. Þar skapast mikil vinna fyrir iðnaðarmenn og byggingar-

verkaþólk. Alls verður að freista til að starfsmenn við virkjunina verði úr röðum þeirra innanlands sem skortir atvinnu.

Orka úr Búðarhálsi verður meðal annars notuð til að auka framleiðslu í Straumsvík um 40 þúsund tonn. Um leið verður ráðist í mikla endurnýjun á búnaði í álverinu, sem þessu tengist. Minn fyrirvari við þá framkvæmd var að tryggd yrði að öll hönnun, og vinna við hana, yrði boðin út með þeim hætti að innlend fyrirtæki og fólk gætu keppt um þau á sanngjarnan hátt. Hér er um mikla fjárfestingu að ræða, eða 100 milljónir dollara, fyrir endurnýjun og nýjan búnað.

Öll leyfi eru þegar fyrir hendi varðandi 250 þúsund tonna álver í Helguvík. Century Aluminium hefur þegar hafið framkvæmdir. Verði hnökrað á þeim á áformum Century, sem ekkert bendir til, þá er rétt að upplýsa að önnur alþjóðleg álfyrirtæki hafa sýnt áhuga á að reisa álverksmiðju af þessari stærð hér á landi. Century hefur kynnt áhuga sinn á því að stækka álverið og byggja það í fjórum jöfnum 90 þúsund tonna áföngum á sex árum fáist til þess orka og tilskilin leyfi.

Óljósara er með áform Alcoa á norðausturhorninu. Móðurfyrirtækið hefur gefið út yfirlýsingu um stöðvun nýframkvæmda á vegum þess, og kostnaðarskiptasamningur við Landsvirkjun og Þeistareyki ehf. um tilraunaboranir er úr gildi fallinn vegna vanefnda Alcoa. Íslandsdeild Alcoa sækist hins vegar eftir að festa orku til að reisa álver á Bakka. Þegar ég átti í samningum við Alcoa um viljayfirlýsingu vegna Bakkaverkefnisins í sumar vakti sérstaka athygli mína hversu fast fyrirtækið sótti þá strax að fá þriggja ára frest til að taka ákvörðun. Ég taldi það alltof langt og vildi einungis ársfrest. Niðurstaðan varð 15 mánuðir.

Ég tel nú að menn verði að horfast í augu við þá staðreynd að óvissa ríkir um framkvæmdir Alcoa á Bakka þrátt fyrir eindreginn stuðning iðnaðarráðherra við verkefnið.

## Nýir möguleikar

Mikið fé er þegar fest í orkuvinnslu á jarðhitasvæðum nyrðra. Lokun á lánalínur í bili torveldar framhald hennar. Fyrir þjóðina alla, en Norðlendinga sérstaklega, er nauðsynlegt

að nýta þá fjárfestingu sem fyrst í framleiðslu, og skapa um leið atvinnu á erfiðum tímum. Fleiri möguleikar eru nyrðra en álver.

Á síðustu misserum hefur vaknað áhugi á að nýta endurnýjanlega orku á Íslandi, einkum jarðvarma, til að framleiða hráefni í búnað sem þarf til að nýta sólarorku. Bankahrún á Íslandi og fjárhagslegar þrengingar á alþjóðamörkuðum hafa ekki slökkt áhuga allra þeirra. Nokkur fyrirtæki telja sig enn eiga kost á fjármögnun til slíkra framkvæmda hér á landi, svo fremi orka sé til reiðu. Tvö þeirra hafa áhuga á að skoða möguleika á að setja sig niður norðanlands, og hafa rætt þann möguleika við stjórnvöld. Í báðum tilvikum er um að ræða umhverfisvæna og mannfreka hátæknivædda stóriðju af smærri gerðinni. Um 50–75 megavött þyrfti í fyrri áfanga hvorrar framkvæmdarinnar, og til yrðu ríflega 120 manna vinnustaðir. Seinni áfangar beggja eru af svipaðri stærð, bæði að störfum og orkuþörf.

Ef hægt væri að ná samningum við annað þessara fyrirtækja mundi það skipta miklu máli um atvinnustig iðnaðarmanna, verða gríðarleg lyftistöng norðanlands og spýta miklu vítamíni og krafti um æðar efnahagslífsins. Tækist að semja við bæði væri það mikið happ! Næg er orkan í jarðhita-svæðunum nyrðra, en mat sérfræðinga á afli þeirra bendir til að bæði gætu hæglega rúmast þar. Ég bendi þó á að enn eru þetta fuglar í skógi en ekki í hendi þótt samtöl séu í gangi.

Um leið þarf að finna skapandi lausnir á fjármögnun í ljósi þess að allar lánalínur eru frosnar – í bili. Orkulögin, sem samþykkt voru að frumkvæði mínu á síðasta þingi, og Viðskiptablaðið kallaði tæran sósíalísma, opnar á mögulega lausn. Lögin gera ráð fyrir að fyrirtæki utan hins opinbera geira geti leigt rétt til að nýta orkulindir, þar á meðal jarðhita, en þau mega aldrei eignast orkulindirnar sjálfar. Við Íslendingar eigum öflug fyrirtæki sem geta hugsanlega átt kost á fjármögnun til stórfamkvæmda fengju þau rétt til að nýta öflug jarðhitasvæði einsog norðanlands. Skapandi lausn fælist því að mínu viti í því að kanna hvort slík fyrirtæki geti tekist á hendur að ljúka orkuöflun, á eigin vegum eða í samvinnu við Þeistareyki ehf. Iðnaðarráðuneytið er reiðubúið til að koma að samningum um slíkt ef þörf krefur.

# Samiðnarblaðið á Vestfjörðum

Það var gott hljóð í þeim Vestfirðingum sem Samiðnarblaðið náði tali af þegar tíðindamaður blaðsins var þar í heimsókn nokkrum dögum áður en þjóðarskútan steytti á kreppuskerinu. Fyrir vestan kvörðuðu menn yfir einhæfu atvinnulífi og voru óhressir með að fólki þar fækkaði. Nóg var þó að gera hjá iðnaðarmönnum á svæðinu. Almenn ánægja ríkir á norðanverðum Vestfjörðum yfir að nú skuli vera hafin vinna við að grafa göng í gegnum Óshlíðina, en með þeim tengjast sveitarfélögin á þessu svæði órjúfanlegum böndum sem leiða til betri tækifæra fyrir atvinnulífið og fyrir menningu íbúa á þessu svæði.

Guðjón Halldór Höskuldsson

## Gríp í pensil öðru hvoru

– Það er hvergi betra að vera en hér á Ísafirði, þetta er minn staður, sagði Guðjón Halldór Höskuldsson málarí þegar tíðindamaður Samiðnarblaðsins tók hann tali þar sem hann var að skafa útidyrhúrið á virðulegu hús við Silfurtorg í höfuðstað Vestfjarða.

– Ég gríp í málaravinnu öðru hvoru en er annars í fastri vinnu við íþróttamiðstöðina hér, segir Guðjón. Heilsan hafi því miður séð til þess að hann treysti sér ekki til að starfa sem málarí í fullu starfi.

– Það er gott að grípa í þetta, segir hann, – sérstaklega þegar veður eru góð og menn geta dundað sér við að gera upp svona hluti, hurðir og annað smálegt.

Guðjón segir gott að búa á Vestfjörðum. Aðspurður segist hann ekki sérstaklega spenntur fyrir að fá olíuhreinsistöð á svæðið. Hann segir að nóg sé að gera og ekkert atvinnuleysi þannig að hann sjái ekki ástæðu til að spilla umhverfinu með slíkum óskapnaði.



Jón Steinar Guðmundsson

## Margt í boði á landsbyggðinni

– Við feðgarnir erum hér með trésmíðafyrirtæki með fimm karla í vinnu. Við höfum haft nóg að gera og vonum að svo verði áfram. Við erum meðal annars að gera upp kirkjuna hér og byggja skemmu, auk verka fyrir Ósafl sem er að byrja á Óshlíðargöngunum, segir Jón Steinar Guðmundsson trésmíður þar sem hann er staddur við nýjar vinnubúðir þar sem göng nýju Óshlíðarganganna opnast Bolungarvíkurmegin.

Jón er fæddur og uppallinn í Bolungarvík og kann vel við að búa þar. Hann segist hafa flutt suður um tíma en áttað sig fljótlega á að það átti ekki við hann.

– Það hefur því miður orðið hlutskipti margra af minni kynslóð að flytjast héðan vegna skorts á atvinnutækifærum og margir þeirra sem hafa flutt sjá eftir því og vilja gjarna flytja til baka. Kannski koma þeir núna þegar atvinnan hefur aukist og tækifærunum fjölgað, segir Jón Steinar, og er á því eftir að hafa kynnst lífinu fyrir sunnan að margir fýsilegir kostir séu í boði á landsbyggðinni, ekki síst fyrir fjölskyldufólk.

– Það er mikill munur að ala upp börn hér í fámenninu. Það er almennt mun minni streita á fólki. Betri tengsl við náttúruna. Hafi maður gaman af því að veiða er stutt að fara, segir Jón sem lífnar allur við þegar talið berst að skotveiði og öðrum veiðum. Auk þess að stunda slíka iðju er hann golfáhugamaður og ákaflega ánægður með golfvöll þeirra Bolvíkinga sem hann segir að sé einn helsti samkomustaðurinn yfir sumartímann.

– Lífið hér í Víkinni er bara á uppleið. Menn sjá fram á betri tíð þegar göngin verða komin. Það munar miklu fyrir okkur að vera í stöðugu og öruggu vegasambandi við aðrar byggðir hér á Vestfjörðum. Það eykur á gleðina og bætir vafalaust lífsafkomu fjölmargra. Hrein samgöngubylting er í aðsigi, bætir hann við.



FÉLAG MÁLMÍÐNAÐARMANNA AKUREYRI

SKIPAGÖTU 14 · P.O. BOX 156 · 602 AKUREYRI · SÍMI 462 6800 · FAX 461 2253

*Veljum íslenskt  
– okkar hagur!*



Hallgrímur Kristjánsson

## Nóg að gera

– Maður verður að setja sig í stellingar þegar pensillinn er tekinn upp á svona heilögum stað sem þessum. Hér þýðir ekkert annað en að vanda sig sérstaklega, segir Hallgrímur Kristjánsson málarari og glottir.

Hallgrímur, sem er allur útataður í spaslryki, leggur frá sér sandpappír sem hann hafði verið að munda á tréverknið í kirkjunni í Bolungarvík og gefur sér tíma til að spjalla um starfið og tilveruna fyrir vestan.

– Við erum að keppast hér við, iðnaðarmenn, að lagfæra kirkjuna. Hún verður hundrað ára núna í haust og af því tilefni er verið að vinna að endurbótum á henni. Ég vona að okkur takist að klára þetta fyrir afmælishátíðina á aðventunni.



Hallgrímur segir að atvinnulífið á norðanverðum Vestfjörðum sé með blóma, allavega sé nóg að gera í hans fagi og bjartsýni ríki um að svo verði áfram.

– Það hefur lifnað yfir þessu að undanförunu. Við gengum í gegnum mikla niðursveiflu fyrir nokkrum árum en nú er eins og menn hafi fyllst bjartsýni hér í Bolungarvík þrátt fyrir að íbúunum hafi fækkað mikið á umliðnum árum, segir Hallgrímur, og er eins og aðrir Bolvíkingar harla ánægðir með að nú skuli verið byrjað að grafa göng í gegnum Óshlíðina.

– Þetta breytir miklu. Þegar göngin eru komin í notkun verða norðanverðir Vestfirðir eitt atvinnusvæði sem hægt er að ferðast um allan ársins hring, segir hann, og bætir við að eftir tilkomu ganganna þurfi menn til dæmis ekki lengur að velta fyrir sér hvort þeir eigi að þora í vinnu til Ísafjarðar þegar veður eru válynd.



Starfsmenn Spýtu ehf.

## Tíu tíma vinnudagur

– Við erum hér nokkrir starfsmenn Spýtu ehf. að byggja við félagsheimilið í Bolungarvík. Þetta er 200 fermetra stækkun. Hér verið að búa til nýtt rými fyrir svið og lyftu og ýmislegt annað sem þarf í alvöru félagsheimili, segja Guðmundur Heiðar Sveinbergsson, og félagi hans Þórir Guðmundsson segir að þetta sé fínn vinna. Með þeim er Gareth Rendall, Norður-Íri sem hefur dvalist hér á landi í nokkur ár.

– Það er gott að búa hér á Vestfjörðum, segir hann og undir það taka þeir hinir, og eru sáttir við sína afkomu. Verst þykir þeim að fólki skuli vera að fækka á Vestfjörðum. – Hér er nóg að gera eins og er en það vantar fjölbreytni í atvinnulífið, er samdóma álit þeirra. – Við vinnum tíu tíma á dag og eigum frí um helgar. Þeir aka daglega frá Ísafirði og segja það ekkert mál þegar veður er gott, en neita því ekki að í slæmu veðri reyni á taugarnar að fara fyrir Óshlíðina.

Kristján Sigurðsson

## Sprautuklefinn er minn heimur

– Ég er nú búinn að endast í þessu í 22 ár. Hér er alltaf nóg að gera, enda er þetta eina bílasprautufyrirtækið frá Akranesi að Blönduósi, segir Kristján Sigurðsson sem starfar hjá BK-Bílasprautun og réttungum á Ísafirði.

– Hér er tveggja til þriggja mánaða bið eftir því að koma bíl að í réttingar og sprautun, segir hann.

Kristján er fæddur og uppalinn á Ísafirði og hefur alið þar allan sinn aldur. Hann segist hvergi annars staðar vilja vera.

– Hér er gott mannlíf og nóg um að vera að mínu mati, segir hann.

Kristján segist lengi hafa barist við að afla sér réttinda í faginu, en í þeim efnum sé á á brattan að sækja. – Það er ekki hægt að rífa sig



upp með fjölskyldu og klára þetta, segir Kristján. Sem er sáttur við sinn vinnustað enda getur varla nokkurt bílaréttingaverkstæði státað af öðru eins útsýni og því sem blasir við starfsmönnum BK.

## Rakari með nærri 60 ára starfsreynslu

– Ég er nú rakari af gamla skólanum, sagði Vilberg Vilbergsson rakarameistari þegar Samiðnarblaðið tók hús á honum á rakarastofu hans við Silfurgötu á Ísafirði. Vilberg hefur starfað við iðnina í 58 ár. Hann fluttist til Ísafjarðar árið 1950 og hóf þá nám hjá Árna Matthíassyni rakarameistara en er fæddur og uppalinn á Flateyri. Vilberg er betur þekktur undir nafninu Villi Valli fyrir vestan þar sem hann hefur getið sér gott orð sem tónlistarmaður og listmálari, hefur meðal annars notið þess heiðurs að vera útnefndur bæjarlistamaður Ísafjarðar.

Aðspurður um hvort nóg væri að gera segir hann það ágætt. – Ég hef mína föstu kúnna. Menn sem ég hef klippt frá því þeir voru smáguttar og sátu hér á fjölinni. Ég er þrátt fyrir aldur nokkuð öruggur á skærunum ennþá, segir þessi 78 ára rakari sem auk þess heldur styrkum höndum um pensil og endurskapar náttúru Vestfjarða á striga.

Villi hefur lifað tímana tvenna í sínu fagi og minnst þeirra daga þegar heimsóknum á rakarastofu snarfækkaði eftir að fjórir drengir frá Liverpool tóku upp á því að safna hári.

–Við urðum ápreifanlega varir við þessa tísku og ég minnst þess að það tók í pyngjuna hjá okkur rökurunum hér fyrir vestan þegar unglingarnir hættu að mætta, segir Vilberg en bætir við að hins vegar hafi verið nóg að gera þegar togararnir komu í land eftir langa veiðiferð á Nýfundnalandsmið.

– Þá var oft fjör á rakarastofunum hér fyrir vestan, þegar heilu



skipshafnirnar komu í klippingu. Sumir komir í glas og mönnum var mikið niðri fyrir eftir langa útilegu.

Aðspurður hvort hann fylgist með tísku í hársnyrtingum segist hann vera latur við það. Tískan sé skrýtin skepna.

– Ég læt kúnna ákveða þetta sjálfa, segir Vilberg. Við spyrjum hann hvort menn séu ekki skrafhreifir í rakarastólnum. Hann segir það misjafnt. – Sumir trúa manni fyrir hinu og þessu en aðrir láta sér duga að ræða hversdagsleg mál. Ég man eftir einum, þegar ég spurði hvernig ég ætti að klippa hann þá svaraði hann: Þegjandi, segir þessi nær áttræði rakari sem hefur staðið rakaravaktina í nærri sextú ár.




## TAKTU ÞÍNA STARFSÞRÓUN Í EIGIN HENDUR.

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ  
KRÆKJA SÉR Í MEIRI MENNTUN.



IDAN  
fræðslusetur  
[www.idan.is](http://www.idan.is)



# Hver er réttur minn?

Vaxandi erfiðleikar í íslensku efnahagslífi og ágeng umræða um rekstrarerfiðleika og gjaldþrot fyrirtækja hafa leitt til þess að fjöldi launafólks óttast nú um stöðu sína. Þá liggur fyrir að mörg fyrirtæki hafa að undanförunu sagt upp starfsfólki og nokkuð verið um hópuppsagnir. Á vef ASÍ er að finna svör við ýmsum spurningum sem varða réttarstöðu launafólks þegar kemur að uppsögnum og samdrætti á vinnumarkaði. Samiðnarblaðið birtir hér nokkrar þeirra spurninga sem brenna á félagsmönnum. Nánari upplýsingar má finna á vef ASÍ, [www.asi.is](http://www.asi.is).

## Mér var sagt upp og hef ekkert í höndunum – má segja mér upp munnlega?

*Svar:* Nei, allar uppsagnir skulu gerðar skriflega og á sama tungumáli og ráðningarsamningur starfsmanns. Á þessu er undantekning, en er mjög á undanhaldi: Í dómaframkvæmd hefur munnleg uppsögn talist vera lögmæt takist atvinnurekanda að sanna að hún hafi komist til vitundar starfsmanns.

## Mér var sagt upp án rökstuðnings – má það?

*Svar:* Nei. Með síðustu kjarasamningum var reglum um framkvæmd uppsagnar breytt og á starfsmaður nú rétt á viðtali við atvinnurekanda um ástæður uppsagnar óski hann þess.

## Hvað eru uppsagnarfrestir langir?

*Málmiðnaðarmenn:*

Á fyrsta starfsári: 2 vikur miðað við vikumót.  
Eftir 1 ár í starfsgreininni: 1 mánuður miðað við mánaðamót.  
Eftir 3 ár í starfsgreininni: 2 mánuðir miðað við mánaðamót.  
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki: 3 mánuðir miðað við mánaðamót.

*Byggingarmenn:*

Á fyrsta starfsári: 2 vikur miðað við vikumót.  
Eftir 1 ár í starfsgreininni: 1 mánuður miðað við mánaðamót.  
Eftir 3 ár í starfsgreininni: 2 mánuðir miðað við mánaðamót.  
Eftir 5 ár í starfsgreininni: 3 mánuðir miðað við mánaðamót.

*Starfsmenn án sveinsprófs:*

Á fyrsta starfsári: 2 vikur miðað við vikumót  
Eftir 1 ár samfellt í starfsgreininni: 1 mánuður miðað við mánaðamót.  
Eftir 3 ár samfellt í sama fyrirtæki: 2 mánuðir miðað við mánaðamót.  
Eftir 5 ár samfellt í sama fyrirtæki: 3 mánuðir miðað við mánaðamót.

## Njóta einhverjir verndar fyrir uppsögnum?

*Svar:* Já – trúnaðarmenn, öryggistrúnaðarmenn, barnshafandi konur, foreldrar sem eru í fæðingar- og foreldraorlofi eða hafa tilkynnt um töku fæðingar- og foreldraorlofs. Njóti starfsmaður uppsagnarverndar samkvæmt lögum skal atvinnurekandi rökstyðja uppsögnina skrif-

lega og má uppsögnin þá ekki tengjast þeim aðstæðum sem verndin nær til.

## Mér var sagt upp, var gert að hætta strax og fæ engar greiðslur í uppsagnarfresti – er það eðlilegt?

*Svar:* Nei það er ekki eðlilegt nema starfsmaður hafi brotið alvarlega starfsskyldur sínar. Beri uppsögnina að með eðlilegum hætti á starfsmaður að halda áfram störfum þar til uppsagnarfresti er lokið. Ef starfsmanni er gert að hætta strax ber atvinnurekanda að greiða full laun út uppsagnarfrestinn. Einnig skal starfsmaður fá við starfslok hlutfall úppgerðs orlofs og desemberuppbótar.

## Hvað get ég gert sé brotið á mér – þ.e. uppsögn ber ekki að með eðlilegum hætti?

*Svar:* Best er að hafa tafarlaust samband við stéttarfélagið. Starfsmenn þess aðstoða þig, og að auki starfa að jafnaði lögfræðingar á vegum stéttarfélaganna. Atvinnurekandi getur orðið bótaskyldur. Í því felst að launamaður á að vera eins settur eftir ólögmæta uppsögn og hann hefði verið ef uppsögn hefði borið að með eðlilegum hætti.

## Mér var sagt upp með eðlilegum hætti og sagt að koma ekki meira í vinnuna – má það?

*Svar:* Það má ef atvinnurekandi leggur fram formlega staðfest loforð um að laun í uppsagnarfresti verði greidd.

## Greiðslum vegna umsaminnar yfirvinnu og sérstakra ráðningarkjara var rift – á ég einhvern rétt?

*Svar:* Yfirvinnu sem hefur staðið meira en tvo mánuði má segja upp með tveggja vikna uppsagnarfresti.

## Ég fæ ekki launin mín greidd – hvað get ég gert?

*Svar:* Meginskylda atvinnurekanda er að greiða laun á gjalddaga. Séu þau ekki greidd hefur atvinnurekandi að öllum líkindum brotið ráðningarsamning á starfsmanni. Skiptir hér ekki máli hvort greiðslufallið stafar af því að atvinnurekandinn á ekki fé til að greiða eða af öðrum ástæðum. Sjá nánar á vinnuréttarvef ASÍ.



Borgarholtsskóli



Iðnskólinn  
í Hafnarfirði



## Hópuppsagnir

### Hvað er hópuppsögn?

*Svar:* Hópuppsögn er eins og nafnið gefur til kynna uppsögn hóps starfsmanna í sama fyrirtæki. Til eru lög um hópuppsagnir og gilda þau um uppsagnir af ástæðum sem tengjast ekki hverjum einstökum starfsmanni heldur ytri aðstæðum, svo sem samdrætti hjá fyrirtæki.

### Eru einhver skilyrði fyrir fjölda starfsmanna í uppsögn svo hún verði hópuppsögn?

*Svar:* Já, skilyrði er að fjöldi starfsmanna sem atvinnurekandi segir upp á 30 daga tímabili sé:


- a. að minnsta kosti 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu,
- b. að minnsta kosti 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn en færri en 300 starfsmenn í vinnu,
- c. að minnsta kosti 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

### Er einhver fyrirvari á hópuppsögnum?

*Svar:* Já, það á að vera fyrirvari á tilkynningum um hópuppsagnir því atvinnurekanda er skylt að veita trúnaðarmanni starfsmanna upplýsingar meðan þær eru einungis fyrirhugaðar. Síðan gilda hefðbundnir uppsagnarfrestir að öðru leyti en því að þeir geta aldrei orðið styttri en 30 dagar.

### Hvaða ástæður geta verið að baki hópuppsögnum?

*Svar:* Þær geta verið af ýmsu tagi. Algengustu ástæður sem atvinnurekendur gefa upp eru áföll í rekstri, neikvæð rekstrarskilyrði og kröfur hluthafa um meiri arð.



## Danfoss tengigrindur

Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita-,  
snjóbræðslukerfi, setlaugar og fl.

Sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.

Áratuga reynsla stjórnbúnaðar  
við íslenskar hitaveituaðstæður.

Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu á  
stjórnbúnaði og tengigrindum fyrir hitakerfi.



**Danfoss** 75  
1933 • 2008

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf  
Skútuveg 6 • 104 Reykjavík  
Sími 510 4100 • www.danfoss.is

### **Hvaða viðmiðanir eiga atvinnurekendur að nota í hópupsögnum?**

*Svar:* Atvinnurekandi verður að upplýsa starfsfólk um það. Algengast er að gripið sé til viðmiðana í tengslum við starfsaldur innan fyrirtækisins. Einnig er lagt mat á árangur í starfi. Gæta skal jafnræðis við þetta val, sbr. meðal annars jafnréttislög og lög sem banna mismunun vegna þjóðernis.

## **Gjaldprot atvinnurekanda**

### **Fyrirtækið sem ég vinn hjá er gjaldproti – fæ ég ekki launin mín greidd?**

*Svar:* Vangoldin laun njóta forgangs í þrotabúi fyrirtækja. Séu engar eignir til í fyrirtækinu til að greiða launin (forgangskröfuna) tekur Ábyrgðarsjóður launa við kröfunni og greiðir starfsfólki laun.

### **Hver er önnur staða mín við gjaldprot?**

*Svar:* Starfsmenn eru lausir undan ráðningarsamningi sínum við fyrirtækið um leið og það hefur verið tekið til gjaldprotaskipta. Almenn er túlkunin sú að starfsmenn eru hvorki bundnir vinnuskyldu, uppsagnarfresti né öðru því sem reynir á í starfssambandi.

### **Ábyrgist Ábyrgðarsjóður launa allar vangreiddar launakröfur við gjaldprot?**

*Svar:* Sjóðurinn tryggir vangoldin laun þriggja síðustu mánaða, laun í uppsagnarfresti í allt að þrjá mánuði, áunnið orlof og bætur vegna vinnuslysa. Auk þess ábyrgist sjóðurinn lífeyrissjóðsgjöld. Sú ábyrgð nær til lágmarksiðgjaldsins (12%) og allt að 4% viðbótarlífeyrisgreiðslu.

### **Er eitthvert skilyrði fyrir greiðslu vangoldinna launa að sá sem gerir kröfu á Ábyrgðarsjóð launa sýni fram á að hann hafi verið á vinnumarkaði og leitað reglulega að nýrri vinnu á uppsagnarfresti?**

*Svar:* Já, það er skilyrði fyrir ábyrgð sjóðsins að viðkomandi sé á vinnumarkaði og í atvinnuleit í þá mánuði sem hann krefur sjóðinn um greiðslu.

### **Er eitthvert hámark á ábyrgð sjóðsins á kröfum vegna vangoldinna launa?**

*Svar:* Já, ráðherra ákveður með reglugerð 1. janúar ár hvert hámarksábyrgð sjóðsins. Hámarksábyrgð á launakröfur fyrir árið 2008 eru 345.000 á mánuði.

### **Koma greiðslurnar sjálfkrafa til mín við gjaldprot frá Ábyrgðarsjóði launa?**

*Svar:* Nei, starfsmenn gjaldproti fyrirtækja verða sjálfir að bera sig eftir þeim greiðslum sem þeir eiga rétt á úr sjóðnum. Starfsmenn stéttarfélaganna og lögræðingar þeirra veita nauðsynlega aðstoð í þessu sambandi.

### **Ábyrgist Ábyrgðarsjóður launa kröfur vegna vangoldinna félagsgjalda stéttarféлага?**

*Svar:* Nei, en sá sem fær greiddar atvinnuleysisbætur getur óskað eftir því að halda áfram að greiða til stéttarfélags síns og sér þá Vinnuálastofnun um að koma greiðslunni til viðkomandi stéttarfélags.



### **Koma laun frá nýjum atvinnurekanda til frádráttar kröfu minni á hendur Ábyrgðarsjóði launa?**

*Svar:* Já.

### **Hvað með atvinnuleysisbætur – koma þær líka til frádráttar?**

*Svar:* Já.

## **Atvinnuleysi**

### **Hverjir eiga rétt til atvinnuleysisbóta?**

*Svar:* Atvinnuleysisbætur eiga að tryggja launamönnum eða sjálfstætt-starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan leit að nýju starfi stendur yfir eftir vinnumissi. Atvinnuleysisbætur skiptast í tvo flokka, tekjutengdar atvinnuleysisbætur og grunnatvinnuleysisbætur.

### **Hvar sæki ég um atvinnuleysisbætur?**

*Svar:* Hjá þjónustuskrifstofu Vinnuálastofnunar í því umdæmi þar sem þú ert búsettur. Þú átt að láta fylgja umsókninni vottorð vinnuveitanda um starfstíma, starfshlutfall og ástæðu starfsloka, skattkort og fleiri gögn sem við geta átt, svo sem læknisvottorð vegna skertrar vinnufærni, námsvottorð og slíkt.

### **Mér var sagt upp – get ég fengið atvinnuleysisbætur strax?**

*Svar:* Réttur launamanns til atvinnuleysisbóta verður virkur að liðnum uppsagnarfresti. Þó má atvinnurekandi ekki fella niður greiðslur til launamanns til að koma honum strax á atvinnuleysisbætur.

### **Fyrirtækið sem ég vann hjá varð gjaldproti – get ég fengið atvinnuleysisbætur strax?**

*Svar:* Við gjaldprot getur launamaður sótt strax um atvinnuleysisbætur og koma þær til frádráttar þegar Ábyrgðarsjóður launa gerir





upp við launamanninn. Umsókninni þarf að fylgja staðfesting stéttarfélagi á því að krafa verði gerð um réttmætan uppsagnarfrest fyrir umsækjanda og staðfesting félagsins á vinnustundum hans og starfshlutfalli ef ekki er hægt að útvega vottorð atvinnurekanda.

#### **Ég sagði upp – get ég fengið atvinnuleysisbætur strax?**

*Svar:* Nei, þegar starfsmaður segir sjálfur upp á hann ekki rétt á bótum fyrr en að liðnum 40 virkum dögum, sem jafngildir 2 mánuðum. Undir vissum kringumstæðum getur sá biðtími lengst í 3 mánuði.

#### **Hvað eru grunnatvinnuleysisbætur?**

*Svar:* Þær eru greiddar launamanni fyrstu 10 virku dagana. Síðan taka þær við á nýjan leik eftir að hann hefur fengið tekjutengdar atvinnuleysisbætur í 3 mánuði, sé hann ekki enn kominn með starf. Grunnatvinnuleysisbætur eru 136.023 kr. á mánuði á árinu 2008.

#### **Hvað eru tekjutengdar atvinnuleysisbætur?**

*Svar:* Þær taka við af grunnatvinnuleysisbótum að liðnum 10 virkum dögum frá upphafi bótaréttar. Þær eru greiddar í allt að 3 mánuði. Upphæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta miðast við 70% af meðallaunum umsækjanda á 6 mánaða tímabili sem lýkur tveimur mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur.

#### **Hvað eru hæstu mögulegu atvinnuleysisbæturnar háar í krónum talið?**

*Svar:* 220.729 kr. á mánuði miðað við árið 2008.

#### **Ég er með 380.000 á mánuði – held ég því eftir uppsögn í gegn-um atvinnuleysisbætur?**

*Svar:* Nei. – Tökum dæmi þar sem starfslok urðu 30. september 2008. Viðmiðunartímabilið við útreikning tekjutengdra atvinnuleysisbóta er þá 1. febrúar til 31. júlí 2008. Heildar-mánaðarlaun að meðaltali á

viðmiðunartímabilinu eru 380.000 kr. Af þeim launum nema 70% 266.000 kr. Síðan er leiðrétt vegna lögbundins hámarks og greiddar út 220.729 kr.

#### **Hverjar eru lágmarksbætur?**

*Svar:* 136.023 kr. á mánuði á árinu 2008.

#### **Ég er með 200.000 á mánuði og vinn bara 75% vinnu. Hvað eru bæturnar mínar háar?**

*Svar:* Gefum okkur að starfslok hafi verið 30. september 2008. Viðmiðunartímabil við útreikning tekjutengdra atvinnuleysisbóta er þá 1. febrúar til 31. júlí 2008. Heildar-mánaðarlaun að meðaltali á viðmiðunartímabilinu eru 200.000 kr. og tryggingahlutfallið er 75%.

$$200.000 \times 70\% = 140.000 \text{ kr.}$$

$$140.000 \times 75\% \text{ tryggingahlutfall} = 105.000 \text{ kr.}$$

Lágmark grunnatvinnuleysisbóta er 136.023 kr., og í þessu dæmi eru lágmarks-atvinnuleysisbætur því hærri en laun fyrir 75% vinnu launamannsins. Hann fær því greiddar lágmarksbæturnar.

#### **Er einhver aðstoð í boði hjá hinu opinbera við atvinnuleit og endurmenntun?**

*Svar:* Já. Vinnuálastofnun og þjónustuskrifstofur hennar um landið veita þessa aðstoð. Allir á aldrinum 16–70 ára sem eru í atvinnuleit eiga rétt á þeirri þjónustu sér að kostnaðarlausu.

#### **Get ég haldið áfram aðild að stéttarfélaginu mínu eftir að ég verð atvinnulaus?**

*Svar:* Já, og það skiptir miklu máli. Þegar sótt er um atvinnuleysisbætur er launamanni í sjálfsveld sett hvort hann greiðir félagsgjald til stéttarfélagi síns. Með því að greiða félagsgjaldið viðheldur félagsmaður réttindum sínum hjá félaginu, svo sem réttindum í sjóðum félagsins sem taka þátt í kostnaði vegna sjúkradagpeninga, sjúkráþjálfunar og menntunar félagsmanna



# Á ferðalagi í Úganda

**Þorbjörn Guðmundsson** framkvæmdastjóri Samiðnar sótti Úganda heim nýverið og segir frá því sem fyrir augu bar – ekki síst því starfi sem Hjálparstofnun kirkjunnar á Íslandi stendur fyrir þar í landi

Dagana 16. til 28. ágúst skipulagði Hjálparstofnun kirkjunnar ferð til Úganda til að gefa fólki kost á að kynnst hjálparstarfinu þar af eigin raun. Úganda er í austanverðri Afríku og búa þar um kringum 30 milljónir manna og fjölgar ört.

Fólksfjölgun er raunar með því mesta sem þekkt er eða um 3,4% á ári og eignast hver kona að jafnaði sjö börn. Frá 1980 til

*Alls staðar þar sem við komum mættu okkur brosandí börn.*

2002 fjölgaði íbúum Úganda úr 12,6 í 24,2 milljónir. Aðeins 13% búa í þéttbýli og þar af búa um 40% í höfuðborginni Kampala. Úganda hefur verið kölluð perla Afríku vegna náttúrefegurðar og góðra skilyrða til ræktunar. Landið liggur við miðbaug, loftslagið er því stöðugt, hitastigið er á bilinu 26–30 gráður á daginn og næg úrkoma til að tryggja góð ræktunarskilyrði, sérstaklega í suðurhluta landsins. Frá náttúrunnar hendi eru öll skilyrði til þess að mannfólkið hafi nóg að bíta og brenna en þrátt fyrir það er fátækt áberandi og mikill munur á aðstæðum fólksins í sveitum landsins og þeirra sem búa í borgunum. Landið er ákaflega frjósamt og fá bændur allt að þrjár uppskerur á ári en þeir rækta aðallega banana, te og kaffi ásamt ýmsu grænmeti. Miklar náttúruauðlindir eru í landinu, frjór jarðvegur, fiskur í vötnum, olía, jarðhiti, málmar í jörðu og virkjunarkostir í Níl. Aðeins 6% íbúa Úganda hafa aðgang að rafmagni og er rafmagnsskortur og ótrygg afhending eitt af helstu vandamálunum við uppbyggingu atvinnulífsins.

Iðnaðarframleiðsla landsins byggist að mestu á vinnslu matvæla, drykkjarfanga og tóbaks fyrir innanlandsmarkað. Ferðamannþjónusta hefur verið helsti vaxtar-



Veitingastaður á bökkum Viktoríuvatns.

*Lyftubúnaður á  
bifreiðaverkstæði í þorpinu  
Lyantond.*



broddurinn í viðskiptalífínu og er mikilvæg uppspretta erlends gjaldeyris. Tíu dýralífsgarðar eru helsta aðdráttaraflíð fyrir ferðamenn, ekki síst garðar með hinum fágætu fjallagóríllum.

Eins og í mörgum löndum Afríku er spilling landlæg en heldur hefur þokast í rétta átt á síðustu árum. Spillingin er alvarleg hindrun viðskipta og stöðug ógn við fjármál ríkisins þar sem ríkisútgjöld eru ýkt vegna vafasamra innkaupa og greiðslna vegna „drauga“ í kerfinu.

Efnahagur Úganda hefur batnað mikið undir stjórn núverandi forseta landsins, Yoweri Museveni, en hann hefur verið við völd frá árinu 1986. Þegar hann tók við völdum var efnahagur þjóðarinnar nánast í rúst eftir langt tímabil upplausnar og innanlandsátaka. Museveni hefur lagt áherslu á frjálsa verslun, gjaldeyrisviðskipti, einkavæðingu og að skapa gott fjárfestingar- umhverfi. Fyrstu tuttugu árin á valdatíma hans var við lýði einsflokkskerfi en frá kosningunum 2006 hafa verið starfandi fjórir stjórnmálaflokkar og er stjórnarandstaðan virk.

## Engin skólaskylda

Engin skólaskylda er í Úganda en frá 1997 hafa stjórnvöld boðið öllum börnum ókeypis grunn- skólamenntun. Þrátt fyrir það er ólæsi um 32% og hafa því milljónir landsmanna aldrei setið á skólabeck. Töluverð áhersla er lögð á fullorðins- fræðslu sem lið í útrýmingu fátæktar og er liðið á hana sem mikilvægt tæki í félagslegri framþróun, en mikið skortir á að stjórnvöld hafi burði og metnað til að standa að framkvæmd fræðslunnar sem skyldi.

Eins og áður segir var megintilgangur ferðarinnar að kynna hjálparstarfi kirkjunnar í Úganda en hún hefur staðið fyrir miklu og árangursríku hjálparstarfi í mörg ár í samstarfi við Lúterska heimssambandið. Hjálparstarfið fer að mestu fram utan þéttbýlisins, þ.e. í þorpum og sveitum landsins. Á þeim svæðum sem hjálparstarfið fer fram er almenn fátækt og fólk býr við frumstæðar aðstæður. Mikið vantar á að fólk eigi kost á menntun og ólæsi er mikið sem gerir það erfitt að koma fræðslu til fólks. Kirkjan hefur einbeitt sér að því að aðstoða fjölskyldur sem hafa farið illa út úr alnæmi. Sjúkdómurinn er útbreiddur í landinu og er talið að um 12% þjóðarinnar séu smituð en hlutfallið hefur þó



*Það hafa víða verið höggvin skörð í fjölskyldur. Hér er Florens með drengina sína þrjá. Hún lifir við þá staðreynd að vera smituð af alnæmi en eiginmaðurinn er fallinn frá.*



*Þátttakendur í samtökum alnæmissmitaðra miðla reynslu og þekkingu til annarra, og reyna ekki síst að fá fólk til að fara í læknisskoðun og meðferð.*

Húsamstæða sem reist hefur verið fyrir fjármuni frá Íslandi. Til vinstri er eldhús, í miðjunni íbúðarhús og lengst til hægri hreinlætisaðstaða. Hreinlætisaðstaðan er sett yfir 10 metra djúpa holu.



farið lækkaði á síðustu árum. Starfið gengur út á að veita fræðslu meðal fólksins til að upplýsa hvernig sjúkdómurinn smitast og hvernig megi komast hjá að smitast af honum. Einnig er lögð mikil áhersla á að aðstoða fólk sem hefur smitast en allir eiga rétt á ókeypis lyfjum, sem getur gjörbreytt aðstæðum fólks, lengt líf þess um mörg ár. Til þess að lyfin komi að sem mestu gagni þarf aðbúnaður fólksins að vera góður, hollur matur og almennt hreinlæti. Það fólk sem við heim-sóttum bjó margt við mjög erfiðar aðstæður. Húsakostur var slæmur og aðstæður til almenns hreinlætis takmarkaðar. Kirkjan hefur því einbeitt sér að því að bæta aðstæður fólksins, meðal annars með því byggja lítil íbúðarhús með góðri hreinlætisaðstöðu miðað við þeirra aðstæður. Húsunum fylgja einnig landskikar þar sem fólk getur ræktað sér til matar og haft geitur en þær eru algeng húsdýr, meðal annars vegna mikillar frjósemi. Húsin og ræktunarlendið eru ekki síst mikilvæg til að skapa börnunum lífsframfærslu ef foreldrar falla frá. Það er algengt að báðir foreldrar séu smitaðir af alnæmi, og í mörgum fjölskyldum er annað þeirra fallið frá, eða báðir.

## Þegar börnin standa ein

Þegar börnin standa ein eftir eru meiri líkur á að vinir eða ættingjar séu tilbúnir að flytja til þeirra og búa með þeim ef aðstæður eru góðar. Það var mikill munur á aðstæðum fólks sem hafði fengið



Húsgagnasmiður að störfum á húsgagnaverkstæði.



Ungur maður sem hefur átt þess kost að fara í verkmenntaskóla á vegum hjálparstarfsins. Nú starfrækir hann lítið saumaverkstæði.



Ungar stúlkur að þvo þvott í litlu fiskimannaþorpi á bökkum Edwardsvatns í Mweya-þjóðgarðinum.

ný hús og aðstoð við að koma að stað ræktun og þeirra sem ekki höfðu fengið aðstoð, þrátt fyrir að húsin sem er verið að byggja séu eins einföld og hugsast getur og ekki nema um 20 fermetrar að stærð. Húsin eru hlaðin úr óbrenndum múrsteini, múruð utan og innan og þakið klætt með bárujárn. Hvert hús kostar um 100 þúsund krónur íslenskar fullbúið.

## Framfarir

Það var einstakt tækifæri að fá af kynnst af eigin raun lífi fólksins í sveitum og þorpum Úganda og sjá hvernig tiltölulega lítil aðstoð frá Íslandi getur gjörbreytt aðstæðum þess. Tækifærin í Úganda eru mikil, glæsilegt fólk, frjósamt land og miklar náttúruauðlindir. Framfarirnar hafa verið miklar síðustu árin en verulega skortir á að tækifærin séu fullnýtt. Til þess að svo megi verða þarf að stórauka menntun, bæta samgöngur, sem víða eru mjög slæmar, og tryggja atvinnulífina aðgang að öruggri orku. Ég vil ljúka þessari stuttu samantekt um Úganda á orðum bílstjórans okkar þegar hann kvaddi okkur eftir tíu daga samveru: „Við í Úganda höfum það gott en við eigum við okkar vandamál að stríða eins og ykkar þjóð hefur sín, þrátt fyrir að þau séu ekki þau sömu.“



# MIKILVÆG ÁKVÖRÐUN

## GETUR MUNAÐ MILLJÓNUM

Taktu ákvörðun um að leggja fyrir í séreignarsparnað annars missir þú í rauninni af umsömdum kjarabótum. Vegna mótframlags launagreiðanda og hagstæðrar skattlagningar stenst enginn sparnaður samanburð við séreignarsparnað.

**TIL LENGRI TÍMA LITIÐ MUNAR MILLJÓNUM!**

Kynntu þér þjónustu Sameinaða lífeyrissjóðsins á [lifeyrir.is](http://lifeyrir.is) eða hringdu í síma 510 5000.





**Súsanna Vilhjálmsdóttir**, formaður Félags hársnyrtisveina:

# Að gleðja sálina

Við lifum á mjög einkennilegum tímum, þar sem mikil óvissa ríkir hjá hinum almenna borgara og margir eru uggandi um störf sín og afkomu. Eins og staðan er núna í hársnyrtiðinni eru ekki margar stofur komnar í vandræði, en þó hafa fáeinir þurft að grípa til þess ráðs að skerða hlutfall starfsmanna sinna eða eru að íhuga það í framtíðinni.

Í ljósi efnahagsþrenginganna í landinu vill Félag hársnyrtisveina efla upplýsingagjöf til félagsmanna sinna. Félagið ákvað að fresta útgáfu *Klippers* í október og sendi þess í stað þrefalt stærra blað til félagsmanna sinna og allra fyrirtækja með ýmsum upp-lýsingum um atvinnumissi, atvinnu-leysisbætur vegna skerts vinnuhlutfalls og öðru gagnlegu efni.

Á næstunni verður unnið að því í samvinnu við meistarafélagið að auka framboð námskeiða fyrir félagsmenn hjá lðunni fræðslusetri og er undirbúið að fara með námskeið út á land. Við teljum nauðsynlegt að stefna fólki saman og gera sér glaðan dag með því að bjóða upp á skemmtilega og styrkjandi fræðslu fyrir

félagsmenn og atvinnurekendur.

Starfsmaður félagsins hefur verið að undirbúa sig með því að fara á námskeið og styrkja sambönd sín við ýmsar stofnanir svo hægt sé að liðsinna félagsmönnum sem hringja til félagsins sem best. Ýmis úrræði eru til við margvíslegum vandamálum en að finna lausnir getur vafist fyrir fólki þegar því líður illa. Við teljum nauðsynlegt að geta bent fólki í rétta átt til að bregðast við atvinnumissi, erfiðleikum fyrirtækja og stöðu launafólks og fá ráðgjöf um fjármál heimilanna og sálrænan stuðning.

Alþýðusamband Íslands hefur leikið stórt hlutverk undanfarnar vikur með því að draga saman á einfaldan hátt upplýsingar um réttarstöðu fólks, sparnað, eignir og skuldir. Þessi vinna hefur skipt sköpum fyrir stéttarfélagin til að vinna með, og það er mikilvægt að geta vísað félagsmönnum sínum á upplýsingarnar á vef ASÍ, [www.asi.is](http://www.asi.is).

Eitt af hlutverkum verkalyðshreyfingarinnar á næstunni er að stuðla að því að hjón og einstaklingar geti fengið ráðgjöf á

erfiðum tímum sér að kostnaðarlausu vegna atvinnumissis eða greiðsluvandamála. Við þurfum öll að huga vel að andlegri heilsu barna okkar og sjá til þess að þau komi sem best út úr þeim hremmingum sem fjölskylda þeirra getur orðið fyrir. Við þurfum að slá skjaldborg um börnin, gæta þess að þau finni sem minnst fyrir breytingunum með því að auka aðgengi allra barna að íþrótt- og æskulýðsstörfum, sama hvernig fjárhagur foreldra þeirra eða foreldris er.

Sem stendur er það samstaðan meðal okkar sem styrkir okkur mest og þegar fram líða stundir og línurnar fara skýrast verður hægt að brydda upp á uppkomum og fræðslu sem hjálpar okkur að komast í gegnum erfiðleikana sem við göngum í gegnum núna. Við mælum með að félagsmenn nýti sér styrki sína og eflí sig eins og hægt er, hvort sem það er hreyfing eða námskeið. Við megum ekki gleyma okkur sjálfum á tímum sem þessum heldur nýta allt það sem í boði er, og það þarf ekki að kosta mikið, til að gleðja sálina.





# Hvað ætla félögin að gera?

**Samiðnarblaðið leitaði til aðildarféлага Samiðnar og spurðist fyrir um hvernig félögin hygðust bregðast við því ástandi sem skapast hefur hér á landi á undanförunum vikum. Það er misjafnt eftir landshlutum hversu alvarlegt ástandið er og þess eru dæmi að aðeins einn félagsmaður í viðkomandi félagi hafi fengið uppsagnarbréf. Hjá öðrum félögum er ástandið mun verra og mest á eftir að mæða á félögum á höfuðborgarsvæðinu þar sem uppsagnir hafa verið hvað mestar.**

## TR og FIT

Stjórnir FIT og TR hafa fundað um atvinnuástandið og einnig reynt að rýna í framtíðina. Félögin hafa safnað miklum upplýsingum á félagsfundum og fundum ASÍ sem haldnir hafa verið vítt og breitt um landið. Verið er að vinna úr þeim upplýsingum og móta aðgerðaáætlun.

Þegar hefur verið sett inn á heimasíður félaganna mikið magn upplýsinga um aðstoð og viðbrögð við ástandinu á vinnu- markaði.

Sá hópur iðnaðarmanna sem er á atvinnuleysisbótum er ekki stór enþá en nokkuð margir eru á uppsagnarfresti og koma inn á atvinnuleysisráð á næstu þremur mánuðum.

Í samstarfi við Iðuna fræðslusetur er unnið að undirbúningi námskeiða sem

ætlud eru atvinnulausum og fólki í hlutastarfi. Þar er fyrirhugað að bjóða sem fjölbreyttust námskeið, hvort sem um er að ræða fag tengt nám eða almennt nám.

Fyrirhugað er að koma á fót nefnd ásamt samtökum atvinnurekenda með það hlutverk að fylgjast með þróun vinnu- markaðarins, sporna við svartri atvinnustarfsemi og hindra sem kostur er að fúskarar gangi í störf iðnaðarmanna.

## Þingið

Þingið hefur tekið stöðuna föstum tókum þar sem félagsmenn hafa orðið fyrir barðinu á efnahagsástandinu. Búið er að segja upp nokkrum félagsmönnum en aðrir hafa verið beðnir að taka á sig skertan vinnutíma, og er í sumum tilfellum um verulega skerðingu að ræða. Þingið hefur verið í sambandi við

sveitarfélög á félagssvæðinu, félagsmálayfirvöld, Þekkingarsetur Þingeyinga og nú síðast hefur félagið ásamt aðildarfélagum Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík átt í viðræðum við Framhaldsskólann á Húsavík um að taka eftir áramótin upp sérstaka námsleið við skólann sem ætluð verður fólki í atvinnuleit. Þá hefur félagið einnig krafist þess að Vinnuálastofnun auki þjónustu við atvinnuleitendur í Þingeyjarsýslum með því að ráða í starf ráðgjafa á svæðinu. Nú er stofnunin með 50% starf á Húsavík. Krafa félagsins er að þetta starf verði aukið í fullt starf þar sem þörfin er mikil, og auk þess ráðið í starf ráðgjafa. Félagið hefur einnig farið þess á leit við félagsmálaráðherra að atvinnuleysisbætur verði hækkadar verulega. Fleira er til skoðunar hjá félaginu um félagsmenn og stöðuna sem við stöndum frammi fyrir. Það skal tekið fram að félagið

hefur unnið að þessum málum með öðrum aðildarfélögum Skrifstofu stéttarfélaganna.

## FBE

Félagið hefur í samstarfi við önnur félög á Akureyri gefið út bækling sem er að meginefni samhljóða riti sem ASÍ hefur verið að dreifa, en að auki koma ýmsar upplýsingar. Bæklingnum hefur verið dreift í hvert hús á Eyjafjarðarsvæðinu frá Siglufirði til Greni-víkur.

Einnig hefur félagið verið aðili að almannaeftirlitunefnd mjög margra aðila í bænum þar sem fólk hittist vikulega til að ræða málin og setur allar upplýsingar á ráðgjafartorg á Akureyri.is.

Fulltrúi félagsins hefur fundað með aðilum atvinnulífsins og er meiningin að hittast oftar til þess að ræða hvað hægt er að gera til að auka atvinnu á svæðinu.

Iðan fræðslusetur reiknar með að vera með níu námskeið í endurmenntun fyrir byggingarmenn á vorönn hér fyrir norðan.

Verið er að skoða hvernig félagið getur komið að verkefni á vegum íþróttafélaganna í bænum en það á að stuðla að því að auka íþróttaiðkun félagsmanna, passa að börn hætti ekki iðkun íþróttavegna tekjutaps foreldra og reka félagsheimili með fræðslu og námskeiðum.

## FMA

FMA hefur í samstarfi við önnur stéttarfélög á Akureyri þegar gefið út og látið bera í hvert hús við Eyjafjörð nokkuð öflugan bækling þar sem minnt er á hvaða þjónustu stéttarfélagin veita. Þá eru í bæklingum margvíslegar aðrar upplýsingar um þjónustustofnanir á Akureyri og afgreiðslutíma þeirra. Þá eru einnig í þessum bæklingi margvíslegar upplýsingar frá lögfræðideild ASÍ sem Magnús Norðdal hefur verið að taka saman og senda félögunum – mjög gagnlegar upplýsingar.

Þá er fyrirhugaður félagsfundur fyrir jól þar sem verður farið yfir stöðu mála.

Sem betur fer er atvinnuástand hjá



félagsmönnum FMA gott um þessar mundir og ekkert atvinnuleysi. Þá er félaginu aðeins kunnugt um einn félagsmann sem fékk uppsögn um síðustu mánaðamót, en auðvitað getur það breyst með litlum fyrirvara.

Félagið hyggst fljótlega hefja hvatningarherferð meðal félagsmanna um að notfæra sér það sem er í boði hjá félaginu, svo sem stuðning við líkamsrækt, sálfræðiþjónustu, og við bóklega og verklega endurmenntun.

Reynt verður að auka aðsókn að heimasíðu félagsins.

Þetta er það sem er á borðinu núna. Áfram verður haldið að fylgjast með framvindu mála og bregðast við eftir því sem þurfa þykir og unnt er.

## AFL

Afl hefur opnað miðstöð fyrir atvinnulausa á Héraði og er ætlunin að kanna þörf fyrir slíka aðstöðu í Fjarðabyggð. Atvinnuleysið hefur ekki verið teljandi síðustu vikur en það breyttist með gjaldþroti Malarvinnslunnar.

Á Reyðarfirði starfar náms- og starfsráðgjafi sem er að vinna verkefni í raunfærni-mati hjá vél- og rafvirkjum í samstarfi við okkur. Áhugi er á því að víkka út raunfærni-matið en Afl er með náms- og starfsráðgjafa meðal starfsfólks félagsins. Til greina kemur að bjóða raunfærnimat sem fyrsta úrræði.

Hjá Afli er ætlunin að kortleggja mann-skapinn á komandi vikum en síðan verður boðið upp á viðtöl við náms- og starfsráðgjafa og í framhaldi af því skipulagt nám. Nú er stefnt að fagnámi í trésmíði og svo sér-tækum námskeiðum. Ennfremur er verið að kanna möguleika á grunnmenntaskóla í samstarfi við ME en það ræðst nokkuð af því hvernig frumvarpið um breytingar á atvinnuleysisbótum lítur út. Afl hefur hvatt til þess að bætur greiðist fólk í dagnámi.

Afl hyggst hafa opnar miðstöðvar og reyna í samvinnu við sveitarfélögin að bjóða til dæmis fjármálaráðgjöf og aðra ráðgjöf sem þörf verður á. Félagið hefur skorað á sveitarfélögin að gæta sérstaklega hagsmuna barna og unglinga og ætla að vinna sérstaklega að því í samvinnu við sveitarfélögin að skyndilegur tekjumissir foreldra bitni ekki á tólmundastarfi og skóla-máltíðum eða leikskólavist.

Félagið hyggst beina athyglinni sérstaklega að Mið-Austurlandi. Afismenn eru bjartsýnir og búast ekki við teljandi atvinnuleysi á helstu sjávarútvegssvæðum félagsins en verulegt atvinnuleysi gæti hinsvegar orðið á svæðinu Reyðarfjörður-Egilsstaðir. Fólk sem glímir við langtímaatvinnuleysi sækir nú endur-hæfingu í Starfsendurhæfingu Austurlands – alls um 30 manns, og nýr hópur byrjar á Hornafirði innan skamms. Reiknað er með að um 70 manns verði í endurhæfingu seinnihluta vetrar og StarfA hefur auglýst eftir fleira starfsfólki. StarfA er rekið undir verndarvæng Afli.



Félag hársnyrtisveina  
[www.klipp.is](http://www.klipp.is)



HITAVEITA  
SUÐURNESJA HF



Fanntófell ehf.  
Bíldshöfða 12  
110 Reykjavík  
Sími 587 6688





## ÉG KÝS AÐ VERA Í VM

- ▶ Sterkur sjúkrasjóður
- ▶ Dagpeningar 90% af meðallaunum síðustu 6 mánaða
- ▶ Fræðslusjóður greiðir 60% af námskostnaði

*Kynntu þér málið á [vm.is](http://vm.is)*



Félag vélstjóra  
og málmteknimanna

*- okkur er annt um þinn hag*

# Áhrif Evrópusam- bandsaðildar á fjármál fjölskyldunnar

**Aðalsteinn Leifsson,**  
lektor í viðskiptadeild  
Háskólans í Reykjavík, skrifar



Spurningin um aðild að Evrópusambandinu verður hitamál í íslenskum stjórnámálum áfram á næstunni. Allt stefnir í að sótt verði um aðild – seint eða snemma – og að þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarsamning muni eiga sér stað. Umræðan um Evrópu-sambandsaðild snýst að stórum hluta um hugtök eins og fullveldi og sjálfstæði og málefni á borð við peningamálastefnu, sjávarútvegsstefnu og styrkjakerfi í landbúnaði. Þetta eru stór mál og hvernig þeim er háttað skiptir miklu fyrir íslensku þjóðina. Ef við hins vegar breytum um sjónarhorn og lítum á hvaða bein áhrif aðild að Evrópu-sambandinu hafa fyrir venjulega fjölskyldu, þá standa upp úr áhrifin á húsnæðislán, bílalan og matarinnkaup. Þessar breytingar stafa af því að við verðum þátttakendur í efnahags- og myntbandalagi Evrópusambandsins en það samstarf stendur fyrir utan EES-samninginn.

## Vextir á lánnum

Aðild að ESB fylgir ekki sjálfkrafa aðild að evrunni. Ferlið frá ESB-aðild og að upptöku evrumyntar er vel þekkt. Fyrsta skrefið er að einum til þremur mánuðum eftir Evrópu-sambandsaðild getur Ísland gengið í kerfi sem kallast ERM II (Exchange Rate Mechanism II) og felur einfaldlega í sér að gengi krónunnar er fest við gengi evrunnar með sveigjanleika þannig að virði krónunnar í evrum getur hækkað eða lækkað um 15%. Ef krónan ætlar að fara aftur í djúpa dali eða hæðir, eins og við höfum upplifað undanfarin ár, þá grípur Seðlabanki Íslands inn í markaðinn. Ef Seðlabanki Íslands ræður ekki við það verkefni, þá fær hann stuðning frá

Seðlabanka Evrópu til að tryggja að tengingin haldi. Þetta hefur þegar áhrif á fjármál fjölskyldunnar því þá fáum við langþráðan gengisstöðugleika. Á þeim tveimur árum sem Ísland er í ERM II hefur ríkisstjórnin tíma til að uppfylla skilyrði fyrir upptöku evru, en þau snúa að verðbólgu, skuldum hins opinbera og jafnvægi í ríkisrekstri. Að því loknu getum við fengið evruseðla og evrumynt í hendurnar. Reynsla annarra ríkja sýnir að vextir á húsnæðislánnum byrja að lækka strax og því er lýst yfir að stefnt er að upptöku evru og halda áfram að lækka fram að upptöku evrunnar. Þegar evran verður tekin upp höfum við sömu vexti og á evrusvæðinu, sem eru milli 4% og 5% óverðtryggðir vextir.

## Sparnaður á húsnæðisláni og bílalan

Fjögurra manna fjölskylda sem hefur 20 milljóna króna húsnæðislán á hagstæðustu verðtryggðum vöxtum á Íslandi greiðir um 700 þúsund krónum meira í vexti á ári en hliðstæð fjölskylda í einhverju landanna á evrusvæðinu. Eftir upptöku evrunnar verða vextir hér þeir sömu og á evrusvæðinu og því sparast þessar 700 þúsund krónur árlega. Margar fjölskyldur hafa freistast til þess að nýta sér lægri vexti í evrum með því að taka húsnæðislán eða bílalan í evrum. Áhættan hefur verið sú að lánið hækki í íslenskum krónum vegna þess að fleiri krónur þarf til að kaupa hverja eina evru. Þannig hafa þessi lán hækkað um hartnær helming undanfarið ár. Þessi áhætta hverfur að sjálfsögðu með upptöku evru.



## Sparnaður í matarinnkaupum

Maturinn sem fjölskyldan kaupir er um 60% dýrari hér en að meðaltali í Evrópusambandinu. Þegar við göngum í ESB verðum við hluti af svokölluðu tollabandalagi sambandsins, sem þýðir að allir tollar á milli Íslands og ESB hverfa. Við það lækkar matvælavæð. Samkvæmt athugunum Hagfræðistofnunar og sjálfstæðra fræðimanna lækka matvæli ekki niður í meðaltalsverð í ESB því stærð markaðarins og fjarlægð frá meginlandinu hafa áfram áhrif. Hins vegar verður lækkunin umtalsverð, eða um 18 til 25%, við inngöngu í Evrópusambandið. Þetta þýðir að matarreiðingur fjölskyldunnar lækkar um 18– 25%, sem getur hæglega numið 100 þúsund krónum á ári.

## Þrjú mánuðir

Samanlagt merkir þetta að fjögurra manna fjölskyldan á Íslandi reiðir af hendi um 800 þúsund krónur á ári fyrir að standa fyrir utan ESB og evrunnar, aðeins vegna húsnæðis-

láns og matarreiknings. Þá eru ótaldar aðrar lánaskuldbindingar og kaup á vörum og þjónustu. Ef við göngum út frá því að annað foreldrið hafi 350 þúsund í mánaðarlaun tekur það viðkomandi ríflega þrjú mánuði að vinna fyrir því óhagræði að hafa íslenska krónu fremur en evru. Heildarlaun þriggja mánaða fara í að greiða fyrir krónuna.

## Þjóðhagsleg atriði

Stærstu gallarnir við að hafa minnstu fljótandi mynt í heimi eru þó enn ótaldir. Þeir felast í miklum og ófyrirsjáanlegum gengissveiflum sem gera rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja allt að því óbærilegt. Við það bætist síðan gríðarlegur viðskiptakostnaður og almennt vantraust alþjóðlegs viðskiptalífs. Fyrirtæki í öllum atvinnugreinum – einnig í sjávarútvegi og í landbúnaði – bera kostnaðinn af örmyntinni af fullum þunga. Þetta hefur áhrif á atvinnuöryggi og atvinnuuppbyggingu í öllum atvinnugreinum og um allt land. Þeir sem leggjast gegn upptöku evru benda réttilega

á að sjálfstæður gjaldmiðill er hentugur í kreppu vegna þess að hægt er að fella gengi og þar með verð gjaldmiðilsins gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Þetta er tæki til þess að lækka laun allra sem nota gjaldmiðilinn, auka þannig samkeppnishæfni og draga úr atvinnuleysi. Þarna þarf, eins og í flestum álitamálum stjórn mála og hagstjórnar, að veða kosti á móti göllum. Sem betur fer búum við á Íslandi við mjög sveigjanlegan atvinnumarkað, sem segir okkur við getum tekist á við nokkra erfiðleika þrátt fyrir að við höfum ekki sveigjanleika til að lækka laun með gengisfellingum. Í mínum huga eru kostirnir mun meiri en gallarnir, sérstaklega þegar litið er til hagsmuna heimilana. Endanleg afstaða til aðildarsamnings ræðst þó ekki aðeins af þessu atriði, heldur einnig þeim lausnum sem fundnar verða á málefnum landbúnaðar og sjávarútvegs og aðkomu Íslands að stofnunum ESB. Allar vísbendingar eru á þá leið að góðar líkur séu á hagstæðri niðurstöðu úr aðildarviðræðum.

# Að vera jákvæður skiptir höfðumáli

**Fara á fætur eins og venjulega, hafa tilbúna áætlun um það sem þú ætlar að gera í dag, taka einn dag í einu. Ekki leggjast í sjónvarpsgláp eða aðra óvirka afþreyingu. Ekki loka á umræður við sína nánustu um ástandið, sækjast eftir félagsskap, tala saman við eldhúsbörðið um aðsteðjandi vanda fjölskyldunnar.**

Þetta eru ráð sem Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur gefur þeim sem nú standa frammi fyrir því að missa vinnuna. Og ráðin eru fleiri frá Einari Gylfa.

– Það sem gerir þetta ástand sérstakt er að núna eru menn ekki að missa vinnu vegna þess að þeir stóðu sig ekki eða unnu hjá slæmum vinnuveitenda sem klúðraði málunum. Það ætti að auðvelda fólki að takast á við atvinnumissi sem stafar af hruni fjármálakerfisins og dregur vissulega úr þeim sálrænu erfiðleikum sem fylgja því að verða atvinnulaus. Engu að síður er atvinnumissir verulegt áfall, áfall sem kippir fótunum undan mörgum þeirra sem hafna í þessari stöðu. Það reynist flestum erfitt að takast á við þá tilfinningu að þeir séu ekki lengur hluti af gangvirki þjóðfélagsins, segir Einar Gylfi og hvetur þá sem missa vinnuna til þess að gera sér grein fyrir því að þeir eiga líklega eftir að ganga í gegnum tímabil sem einkennast af reiði, kvíða, svartsýni og vonleysi.

Ekki skella lokinu á pottinn

– Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því og leyfa þessum tilfinningum að koma upp á yfirborðið, ekki síst með því að tala um þær við sína nánustu. Ekki skella lokinu á pottinn og leyfa reiðinni og kvíðanum að krauma þar undir. Það getur endað með mun alvarlegra áfalli. Vafalaust tekur ákveðinn tíma að komast yfir versta hjallann. Kvíðinn, reiðin og svartsýnin hverfa ekki af sjálfu sér, en það hefur sýnt sig að alltaf er von, svo fremi menn einsetja sér að horfa á jákvæðu möguleikana í stöðunni. Ástandið er aldrei svo slæmt að ekki megi leita uppbyggilegra lausna.

Einar segir mikilvægt að horfast strax í augu við vandann og grípa til allra tiltækra ráða. Fara í að gera fjárhagsáætlun, semja við lánardrottna um hvernig skuldunum verður fyrirkomið. Ekki fresta því að finna lausnir á málum sem óhjákvæmilegt er að takast á við, allur slíkur dráttur eykur á vanlíðanina.

– Menn ættu að temja sér jákvætt viðhorf, þótt yfirstandandi vandi sé risavaxinn, jafnvel svo að menn efast í bili um að þeir geti séð fjölskyldu sinni farborða. Hér þarf að koma til nýtt gildismat. Að finna leiðir til að lifa áfram innihaldsríku lífi. Lífi sem tekur mið af nýjum aðstæðum sem einkennast af nægum tíma en minni tekjum og tómarúmi fyrst í stað, segir Einar Gylfi.

– Til þess að takast á við þennan vanda er mikilvægt af öllu að menn haldi í



## Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur hvetur þá sem standa frammi fyrir atvinnumissi að temja sér jákvætt lífsviðhorf

venjur sínar. Fari fram úr á morgnana eins og aðrir í fjölskyldunni, og liggja ekki uppi í rúmi fram eftir degi og velti sér upp úr ástandinu. Það er mikilvægt að passa upp á reglulegan svefn. Fara í rúmið um leið og makinn. Mikilvægt er að forðast að koma sér upp slæmum siðum eins og að snúa sólarhringnum við og leggjast í reykingar og kaffipamb, svo maður tali nú ekki um óhóflega áfengisdrykkju sem er auðvitað alltaf óæskileg, en ekki hvað síst þegar við göngum í gegnum erfiða tíma. Mikilvægt er að huga vel að líkamlegu ástandi sínu. Hreyfing – í hvaða formi sem er – er liður í því að byggja sig upp. Regluleg hreyfing er góð bæði fyrir líkamlega og andlega heilsu. Ef við ætlum að vera tilbúin út á vinnumarkaðinn þegar kallið kemur þurfum við að passa upp á vera í góðu formi, segir Einar Gylfi og leggur áherslu á að með því að stunda hreyfingu og heilbriggt lífverni viðhöldum við sjálfsvirðingunni.

– Eitt af því sem skiptir máli fyrir þann sem stendur utan við vinnumarkaðinn er einmitt að glata ekki sjálfsvirðingunni. Hafa áfram trú á sjálfum sér. Það er lykillinn að því að ná að vinna sem best úr þeim vanda sem fylgir atvinnumissi. Sókkva sér ekki ofan í sektarkennd. Fæstir þeirra sem nú sjá fram

á atvinnuleysi eiga nokkra einustu sök á því sjálfir. Það er afar mikilvægt að gera sér grein fyrir þessu og fara ekki að eyða tíma og kröftum í að kenna sjálfum sér um hvernig komið er, segir Einar Gylfi.

### Margir möguleikar

– Lífið býður upp á fjölmarga möguleika, og í mörgum þeirra felast mikilvæg lífsgæði sem við höfum kannski lítið sinnt að undanfögnu vegna anna við að afla tekna. Möguleikarnir felast ekki síst í góðum samskiptum við fólkið í kringum okkur. Flest eigum við stórfjölskyldu sem við erum misjafnlega dugleg að rækta sambandið við. Að ógleymdum vinum og kunningjum. Sumir sem orðið hafa fyrir áföllum á borð við atvinnumissi vilja sem minnst vera innan um aðra, meðal annars vegna þess að þeim finnst erfitt að svara óþægilegum spurningum og ræða sína viðkvæmu stöðu. Vænlegra er að vera ófeiminn að biðjast undan því að ræða atvinnumálin við vini og kunningja, að minnsta kosti í neikvæðum dúr. Við höfum sjálf síðasta orðið um við hverja við ræðum okkar einkamál.

– Fólk ætti að dusta rykið af gömlum áhugamálum sem hafa jafnvel legið í dvala

svo árum skiptir. Það getur verið gott að hitta gömlu vinnufélagana sem eru í sömu stöðu, svo fremi þau samskipti snúist ekki bara um hvað hópurinn hefur það skítt. Farið heldur í fótbolta, eða takið í spil, eða takið til hendinni saman hver heima hjá öðrum. Sjálfboðaliðastarf á vegum ýmissa samtaka getur hentað sumum, segir Einar, sem segir að fólk hafa ótrúlega hæfileika til að aðlagast og vinna sig út úr jafn-alvarlegum áföllum og atvinnumissi.

– Það skiptir máli að líta raunsætt á málið. Stinga ekki hausnum í sandinn og segja bara: Þetta reddast – heldur reyna að gera sér strax grein fyrir ástandinu og marka sér stefnu um hvernig sé best að vinna sig í gegnum þá vanlíðan sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur atvinnumissis.

Ætli sálfræðingurinn mæli með því að menn fari afsíðis öðru hvoru og öskri úr sér lungun til að fá útrás fyrir reiðina og vonbrigðin? Einar segir að það geti hentað sumum. Það er alla vega betra en að öskra á ástvini sína. En það eru til fjölmargar jákvæðar leiðir til að kljást við neikvæðar tilfinningar. Að öskra í einrúmi eða gráta við öxl einhvers sem maður treystir, fara út að hlaupa og þannig mætti áfram telja.

– Mikilvægt er að átta sig á að



## Okkar bestu jóla- og nýárskveðjur





*Íslenskt atvinnulíf hefur fengið á sig þungan skell. Með aukinni áherslu á menntun á öllum sviðum getum við snúið vörn í sókn. Eflum verkmenntun og símenntun í iðnaði.*

*Baráttukveðjur*

*Iðnaðarmannadeild AFLs Starfsgreinafélags*



asa@asa.is | www.asa.is | Sími 470 0300

atvinnumissir getur komið fram í ýmsum myndum inni á heimilinu, ekki bara fjárhagslega heldur einnig tilfinningalega. Það má búast við að sá sem hefur gengið um atvinnulaus sé frekar pirraður og uppstökkur en maður í fullri vinnu, og þá er hætta er á pirringurinn bitni óverðskuldað á öðru heimilisfólki. Þetta er oft á tíðum ekki meðvitað, og við þurfum að vera á vaktinni gagnvart svonalöguðu. Börnin gætu orðið fyrstu fórnarlömbin, segir Einar og hvetur atvinnulausa til að hlífa yngstu meðlimum fjölskyldunnar við of mikilli vitneskju um ástandið.

## Ekki draga upp of dökka mynd

Einar er spurður hvað við eigum að segja börnunum okkar um ástandið. Hann segir það fara eftir aldri og þroska barnanna. – Yngstu börnin þurfa fyrst og fremst að fá ápreifanlegar upplýsingar, til dæmis: „Pabbi er hættur í vinnunni og þess vegna er hann heima.“ Eldri börnin þurfa auðvitað að fá nánari útskýringar, án þess að vera sett inn í fjárhag fjölskyldunnar í smáatriðum: „Nú þurfum við öll að vera sparsöm eftir að mamma missti vinnuna.“ Það er hins vegar mikilvægt að við séum ekki að draga upp dökka mynd af ástandinu og framtíðarhorfunum við börnin. Það hjálpar hvorki þeim né okkur. Áhyggjur eru nefnilega gagnslausar þó þær séu iðulega ekki ástæðulausar. Þær eru „svartsýnisspár“ um það sem kann að gerast í framtíðinni. Vænlegra er að spyrja sig: Hvað veit ég um stöðuna? Hvað get ég gert jákvætt og uppbyggilegt hér og nú? segir Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur, sem rekur sálfræðistofuna Líf og sál ásamt Þórkötu Aðalsteinsdóttur. Þar starfa auk þeirra tveir sálfræðingar og rekstrarstjóri. Verulegur hluti af starfsemi Lífs og sálar er þjónusta við vinnustaði, einkum fræðsla, ráðgjöf og starfsmannastuðningur.

Einar Gylfi hvetur að lokum verkalyðs-hreyfinguna alla til að standa vaktina með þeim sem verða atvinnulausir og bjóða fram námskeið og fundi þar sem fjallað er um afleiðingar atvinnumissis og leiðir til að vinna sig út úr vandanum.

# Meðlagsgreiðendur

Vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað



**INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA**

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • kt. 530372-0229 • www.medlag.is  
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101





# Traustur verktaki



Það er vandfundið það verkefni í mannvirkjagerð sem **ÍSTAK** getur ekki leyst.



Með vel menntuðu, hæfu og reyndu starfsfólki, fjölbreyttum tækjakosti, stórvirkum vinnuvélum og flutningatækjum, eru okkur allir vegir færir



– hvar sem er á landinu og utan þess.



ÍSTAK hf. · Engjateigi 7 · 105 Reykjavík  
Sími 530 2700 · Bréfsími 530 2724  
istak@istak.is · www.istak.is



TBWA|REYKJAVÍK | SÍA - 083487



Helga Bjartmars, kennari við hársnyrtideild Tækniskólans.



Johan Galster, efnaverkfræðingur hjá Umhverfisstofnun Kaupmannahafnar.

# Varasöm efni í hársnyrtivörum

**Helga Bjartmars, kennari við Hársnyrtiskóla Tækniskólans, sótti námskeið sem Félag hársnyrtisveina og lðan fræðslusetur stóðu fyrir um umhverfismál á hársnyrtistofum. Helga segir að þáttendum hafi verið brugðið eftir fyrirlestur dansks efnaverkfræðings sem hvatti hársnyrtifólk til að gæta varúðar við meðferð hárlita og annarrar hársnyrtivöru.**

– Þetta var afar gagnlegt námskeið, ekki síst fyrir það að vekja okkur hársnyrtifólk til meðvitundar um að þau efni sem við erum að vinna með daglega eru mörg hver skaðleg í miklu magni, segir Helga Bjartmars kennari við Hársnyrtiskóla Tækniskólans eftir námskeið sem Félag hársnyrtisveina hélt nýverið í samstarfi við lðuna fræðslusetur um græna hársnyrtivöru.

Kennari á námskeiðinu var Johan Galster

efnaverkfræðingur hjá Umhverfisstofnun Kaupmannahafnar, en hann hefur um árabil unnið að rannsóknum á hársnyrtivörum og öðrum snyrtivörum og kannað innihald þeirra.

Það er óhætt að segja að þeim sem sóttu námskeiðið hafi verið nokkuð brugðið eftir fyrirlestur Johans, segir Helga. – Hann dró upp dökka mynd og sýndi fram á að verulegrar aðgátar er þörf við meðhöndlun

þessara efna. Í máli hans kom fram að lítið er í raun vitað um hvaða efni er að finna í þeim hársnyrtiefnum sem verið er að meðhöndla frá degi til dags í störfum hársnyrtifólks. Framleiðendur hafa komið því þannig fyrir að það er nánast ómögulegt að komast að því hver efnasamsetningin er. Johan sagði þó ljóst að í langflestum þeim vörum sem nú eru notuð til hárlitunar eru efni sem teljast hættuleg heilsu manna.



Alþýðusamband Íslands



REYKJANESBÆR





*Þátttakendum á námskeiði um umhverfismál hársnyrtistéttarinnar var nokkuð brugðið við upplýsingarnar um skaðleg efni í hársnyrtivöru.*

Hann tók fram að flest þeirra séu í svo litlum mæli að að ólíklegt er að viðskiptavinir finni fyrir vanlíðan vegna þeirra. Hins vegar sagði hann að þeir sem vinna með þessi efni daglega eigi á hættu að fá ofnæmi og jafnvel sjúkdóma. Nefndi hann sérstaklega hormónabreytingar og efni sem geta leitt til krabbameins, segir Helga, og bætir við að því miður sé það svo að í sumum af þeim vörum sem framleiðendur kalla umhverfisvæna sé einnig að finna efni sem eru skaðleg mönnum.

– Það er jafnvel svo að í vörum sem eru algerlega unnar úr náttúrulegum efnum geta leynst efnasambönd sem valda ofnæmi. Það eru vissulega til hárlitunarefni sem standast kröfur og teljast óskaðleg en það er nokkuð í land með að þau séu eins þekjandi og þau sem mest eru notuð núna og innihalda vafasöm efnasambönd. Þetta

veldur svo því að illa gengur að innleiða ný efni á markaðinn.

Hinn danski sérfræðingur sagði að miklu fleiri vörur en hárlitunarefni gætu verið varasamar, og að það gildi raunar um næstum allar snyrtivörur á markaðnum. Húðkrem, rakspíri og ilmvötn innihalda öll mismikið af óæskilegum efnum. Rotvarnarefni ýmis sem notuð eru í þessar snyrtivörur eru mörg hver skaðleg og það hefur sýnt sig að framleiðendur geta þeirra ekki þegar þeir merkja vöru sína. Þrátt fyrir ströng skilyrði þar um.

Helga segir brýnt fyrir hársnyrtifólk að verja sig eins og hægt er fyrir þessum efnum.

– Það er nauðsynlegt að hafa góða loftræstingu á hársnyrtistofum. Þegar fólk er að vinna með hárlit þarf að sjá til þess að hægt sé að opna glugga og lofta út reglubundið. Ekki stóla bara á loftræstikerfi.

Fagfólk á að nota hanska og annan hlífðarfatnað til þess að forða því að þessi efni nái til húðarinnar.

Best væri að hársnyrtifólk notaði andlitsgrímur þegar það er að handfjatla þessi efni, segir Helga, en bætir við að varla yrðu viðskiptavinirnir ánægðir með það!

Helga vonar að umræðan um þessi mál eigi eftir að aukast nú þegar vitneskja um skaðsemi þessara efna liggur fyrir. Hún segist telja að námskeið Johans Galsters eigi eftir að vekja íslensk hársnyrtifólk til umhugsunar um þessa hættu. – Allavega tel ég að þeir nemar sem fóru á þetta námskeið séu betur á varðbergi en áður, segir Helga Bjartmars kennari við Tækniskólann.

**Bílaverkstæðið  
Rauðalækur ehf.  
Rauðalæk  
851 Hella**



**Sökkull ehf.**

**Norðurvík  
Höfða  
– Húsavík**

# Breyttar aðstæður á vinnumarkaði – úrræði fyrir fólk á krossgötum

Ljóst er að margt hefur breyst í íslensku atvinnulífi á stuttum tíma. Við slíkar aðstæður er eðlilegt að nokkurs óróa gæti en jafnframt skoðar fólk nýjar leiðir. Við hjá Iðunni fræðslusetri vinnum þessa dagana að mótun áætlunar um hvernig hægt er að koma til móts við félagsmenn okkar með ýmsum hætti. Langar mig að nefna nokkur þeirra atriða sem verið er að undirbúa.



**Hildur Elín Vignir,**  
framkvæmdastjóri  
Iðunnar fræðsluseturs,  
skrifar

## Áhersla á náms- og starfsráðgjöf

Á krossgötum er gott að skoða stöðu sína vel og því leggjum við áherslu á að félagsmenn okkar hafi aðgang að náms- og starfsráðgjöfum Iðunnar. Hjá Iðunni fræðslusetri starfa tveir náms- og starfsráðgjafar og er hægt að panta tíma hjá þeim í síma 590 6400 eða senda tölvupóst á [radgjof@idun.is](mailto:radgjof@idun.is). Auk hefðbundinnar þjónustu eru í boði áhuga-sviðskannanirnar „Strong“ og „Í leit að starfi“. Þessi þjónusta er félagsmönnum sem misst hafa atvinnu að kostnaðarlausu.

## Raunfærnimat

Í gangi er raunfærnimat á tveimur stöðum á landinu, á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi, og undirbúningur er einnig í gangi við verkefni á Norðurlandi. Raunfærni er færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, til dæmis með starfsreynslu, starfsnámi, frístundum, námi, félagsstörfum og fjölskyldulífi. Þetta getur verið bæði formlegt nám sem fer fram innan skólakerfisins og óformlegt nám sem fer fram utan skólakerfisins.

Mat á raunfærni er mikil hvatning til náms fyrir einstaklinga á vinnumarkaðnum og gefur þeim tækifæri á að ljúka námi á sínum forsendum.

Verkefnið er tilraunaverkefni sem unnið er að í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og er gengið út frá því að eðlilegt sé að meta færni sem til staðar er óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Verkefnið felst í því að búa til leiðir til að meta færni þátttakenda og stöðu þeirra og gefa

þeim kost á að ljúka námi sínu. Mat á raunfærni byggist á þeirri hugmynd að nám sé verðmætt og að það sé skjalfest óháð því hvar þess hefur verið aflað.

Verið er að móta áætlun sem unnið verður að árið 2009 með hliðsjón af atvinnuástandinu í landinu.

## „Umskólun“ – breiðari þekking og færni

Til að auka möguleika sína á atvinnumarkaði vilja eflaust margir skoða leiðir til þess að mennta sig í fleiri greinum. Því eru í skoðun leiðir til þess að aðstoða þá einstaklinga sem hefðu áhuga á slíku. Ferlið fæli þá í sér ákveðna kortlagningu á reynslu og þekkingu viðkomandi, raunfærnimat og síðan nám í kjölfarið. Í framhaldi af Strong-prófi mætti vinna með náms- og starfsráðgjöfum til að skoða með einstaklingum hvort þeir hafa möguleika á að færa sig milli atvinnugreina og þá hvernig.

Sérstaklega verður litið til þeirra atvinnugreina sem koma þokkalega út, til dæmis málmíðnaðar, fiskiðnaðar og ferðaþjónusta.

## Námskeiðsframboð í endurskoðun í ljósi breyttra aðstæðna

Fræðslustarf vorannarinnar verður með breyttum hætti frá því sem nú er. Boðið verður uppá hefðbundin fagnámskeið líkt og verið hefur. Þar reynum við að mæta fræðsluþörfum félagsmanna okkar, sem starfa í hinum ýmsu iðngreinum. Sú áætlun er í mótun og verður kynnt sérstaklega í janúar ,

en félagsmönnum án atvinnu er boðið að skrá sig á námskeið, án greiðslu námskeiðsgjalda, sé laust pláss.

Til að mæta þörfum þeim félagsmanna okkar sem kunna að verða án atvinnu eftir áramót er verið að móta sérstaka fræðsludagskrá sem verður félagsmönnum að kostnaðarlausu. Hún samanstendur af almennt fræðslu sem verður af ýmsu tagi og veitt reglubundið á vorönninni, tölvufræðslu, en gert er ráð fyrir skipulagðri dagskrá tvo morgna í viku alla önnina, þar sem félagsmenn án atvinnu geta bætt almenna tölvuþekkingu sína, og svo af skipulögðum fagnámskeiðum, en þegar er í undirbúningi námskeið fyrir iðnaðarmenn í byggingar- og mannvirkjagreinum, sem og prentiðngreinum. Dæmi um það sem verður í boði í byggingariðnaði eru stutt námskeið þar sem fjallað er meðal annars um öryggismál, sjálfútleggjandi steypu og gæði steypu, byggingarúrgang og fleira. Fyrirtækjum verður boðið að koma til okkar og halda ýmiskonar fagkynningar, kynningar á efni tengdu byggingariðnaði, verkfærum, öryggisbúnaði og fleira.

Í prentgreinum verða sérstök námskeið fyrir þá sem verða fyrir atvinnumissi. Um er að ræða lengri námskeið sem verða haldin óslitið út önnina. Dæmi um þetta eru námskeið fyrir grafíska miðlara og hönnuði sem



standa reglulega tvo morgna í viku frá miðjum janúar fram í maí. Einnig verða settar upp námsleiðir fyrir þá starfsmenn sem vilja breikka hæfni sína með viðbótarnámi, til dæmis í málmiðngreinum eða vefmiðlun.


### Sértækar úrlausnir vegna stöðu nema á námssamningum

Í samráði við menntamálaráðuneytið er verið að skoða til hvaða úrræða er hægt að grípa

fyrir nema á námssamningum. Ljóst er að einhverjir þeirra missa vinnuna og er þá komin upp alvarleg staða með námsframvindu viðkomandi einstaklinga. Við höfum hvatt fyrirtæki til að hlú að sínum nemum. Skoða þarf hvert tilvik fyrir sig, og við höfum hvatt nema til að sækja inn í skóla eigi þeir eftir hluta af sínu námi þar. Dæmi eru um að tvö fyrirtæki sameinast um nema til að tryggja áframhaldandi starfsnám út samningstíma. Einnig verður skoðað hver staða námssamninga er við töku sveinsprófs og reynt að sýna ákveðinn sveigjanleika í því sambandi.

Hér hefur verið tæpt á helstu úrræðum sem verið er að undirbúa hjá Iðunni fræðslusetri. Ef félagsmenn hafa ábendingar eða hugmyndir sem þeir vilja koma á framfæri við okkur, þá er bara að hafa samband, bæði í síma 590 6400 og eins með tölvupósti, [idan@idan.is](mailto:idan@idan.is). Ég hvet félagsmenn til virkrar þátttöku í þeirri símenntun sem í boði er. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

## Viðhaldsfríar ÞAKRENNUR



Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfríri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.

Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.

Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar og ólitaðar.



Einnig fáanlegar rauðbrúnar.

### HAGBLIKK ehf.

Smiðjuvegi 4C Box 281 202

Kópavogur

Sími 587 2202 Fax 587 2203

[hagblikk@hagblikk.is](mailto:hagblikk@hagblikk.is) [www.hagblikk.is](http://www.hagblikk.is)



## Nicorette® Microtab Lemon Lausn sem lítið ber á þegar reykingum er hætt

Nicorette Microtab Lemon tungurótartaflan er nikótínlyf til notkunar þegar reykingum er hætt. Það dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðveldar þannig reykingafólki að venja sig af tóbaki. Lítil tafla með sitrónubragði sem hjálpar þér að hætta að reykja.

**Nicorette® Microtab Lemon tungurótartöflur, 2mg nikótín.** Nicorette nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem meðferð við tóbaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Hámarksdagsskammtur er 40 stk. Ekki er mælt með að notkun standi lengur en eitt ár. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Þar eru einnig upplýsingar um hugsanlegar aukaverkanir. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. Þeir sem fengið hafa ónæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaröreglu, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, barnshafandi konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota lyfið nema á ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.